

Alþingi
Erindi nr. P 127/2170
komudagur 16.5.2002

Umhverfisnefnd Alþingis.

Ums. um frumvarp um meðhöndlun úrgangs.

Umhverfisráð Austur-Héraðs bókaði eftirfarandi á fundi sínum þann 8.5. sl.

2. Frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs: Ósk um umsögn
Með bréfi dags. 29.4.2002 óskar umhverfisnefnd Alþingis eftir umsögn um
frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs. Frumvarpið er að finna á
vefslóðinni: <<http://www.althingi.is/altext/127/s/1050.html>> .
Frestur til að skila umsögn er til 17. maí 2002.
Umhverfisráð vekur sérstaka athygli á að hér er á ferðinni enn eitt lagafrumvarpið
sem íþyngir verulega fjárhag sveitarfélagsins og álögum á
íbúa þess.
Umhverfisráð gerir að öðru leyti ekki athugasemdir við frumvarpið.

Ályktunin verður borin undir bæjarstjórn til staðfestingar á fundi hennar í
næstu viku.

Þetta tilkynnist hér með,

Þórhallur Pálsson
forstöðumaður Umhverfissviðs Austur-Héraðs
Lyngási 12, 700 Egilsstaðir



BÚÐAHREPPUR
PÓSTH. 7 – HAFNARGÖTU 12
750 FÁSKRÚÐSFJÖRÐUR

Alþingi
Erindi nr. **B** 127/2192
komudagur 23. 5. 2002

Byggingarfulltrúi

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Efni: Umsögn vegna frumvarps til laga.

Á fundi skipulags og byggingarnefndar Búðahrepps þann 14 maí síðastliðinn var fjallað um frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs, 651, EES-reglur. Eftirfarandi var fært til bókar á fundinum:

Bréf frá nefndarsviði Alþingis dags 29 apríl 2002. Efni: Óskað er umsagnar um frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs, 651mál, EES-reglur.

Umfjöllun og afgreiðsla: Skipulags- og byggingarnefnd mótmælir frumvarpi til laga, 651 mál, EES reglur þar sem það hefur í för með sér verulega íþyngjandi kostnaðar ákvæði fyrir sveitarfélögin. Er þar fyrst og fremst átt við gríðarlegan kostnaðarauka sem samþykkt frumvarpsins mun hafa í för með sér samanber ákvæði 15. gr. um starfsleyfistryggingar og 17 gr. um vöktun urðunarstaðar næstu 30 árin eftir lokun þar sem "Ekki er gert ráð fyrir að kostnaður ríkisjóðs aukist sérstaklega verði frumvarp þetta að lögum." samanber fylgiskjal Fjármálaráðuneytis. S.þn bendir sveitarstjórn á að kynna sér "Ákvæði til bráðabráðabirgða" í VI kafla.

Egilsstöðum 22. júní 2002

Elis B. Eiríksson

Elis B. Eiríksson

Sent í tölvupósti og í bréfi. Beðist er velvirðingar á því að ekki náðist að senda bréfið fyrir tilskilin frest.



Umhverfisnefnd
Alþingi
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 26. júní 2002

Efni: Frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs, 651 mál.

Tilv:02050009


Vísað er í bréf umhverfisnefndar dags. 29. apríl sl. þar sem leitað er umsagnar um ofangreint frumvarp.

Frumvarpið mun samið í þeim tilgangi að aðlaga íslenska löggjöf að Evrópureglum, bæta meðhöndlun úrgangs til að draga sem mest úr mengun og hættulegum áhrifum og minnka eftir föngum myndun úrgangsefna.

Eitt megininntak frumvarpsins er að rekstraraðilar urðunarstaða skulu leggja fram tryggingu eða ábyrgð fyrir því að þeir geti uppfyllt þær skyldur sem starfsleyfinu fylgja, þ.m.t. vöktun og eftirlit a.m.k 30 ár eftir lokun urðunarstaðarins.

Stjórn Bændasamtaka Íslands er ljóst, að frumvarpið felur í sér auknar kvaðir og kostnað fyrir atvinnulífið en virðir jafnfaramt þörfina á því að hafa þessa hluti í lagi. Samtökin eru ekki í aðstöðu til að meta einstök efnisatriði frumvarpsins og gera engar sérstakar athugasemdir við það.

Virðingarfyllst,
F.h. Bændasamtaka Íslands



Sigurður Þorgeirsson

Alþingi
Erindi nr. P 127/2310
komudagur 8.7. 2002

HAFNARFJARÐARBÆR



www.hafnarfjordur.is

Hafnarfjörður, 4. júlí 2002.

Tilv. 461
Mál nr. UN020028

**Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík**

Varðar: Frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs

Umhverfisnefnd Hafnarfjarðar sem með nýrri stjórnskipan hefur verið breytt í umhverfisnefnd / staðardagskrá 21, tók fyrir á fyrsta fundi sínum 3. júlí 2002, eftirfarandi:

2. Meðhöndlun úrgangs, Frumvarp til laga frá Alþingi

Mál nr. UN020028

Lagt fram bréf dags. 29. apríl 2002, frá umhverfisnefnd Alþingis, þar sem óskað er eftir umsögn umhverfisnefndar Hafnarfjarðar vegna laga um meðhöndlun úrgangs fyrir 17. maí 2002.

Nefndin hefur engar athugasemdir við frumvarpið.

Þetta tilkynnist hér með

Virðingarfyllt
f.h. umhverfisnefndar / staðardagskrá 21

Björk Guðmundsdóttir,
landslagsarkitekt FILA.

Alþingi
Erindi nr. **P 127/2222**
komudagur 31.5.2002

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

12.00 PS/ps Garðabær 30.5.2002

Varðar; umsögn um frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs.

Heilbrigðiseftirlit hefur f.h. Heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis fengið til umsagnar, frá Umhverfisnefnd Alþingis, frumvarp að lögum um meðhöndlun úrgangs. Nefndasvið Alþingis veitti frest til að veita umsögn til 1.6.2002.

Umsögn:


Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis hefur fjallað um frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs. Ýmislegt í frumvarpinu er til verulegra bóta frá núverandi ástandi, sérstaklega er varðar sérákvæði um urðunarstaði, starfsleyfistryggingar og vöktun urðunarstaða eftir að förgun hættir. Ákvæði frumvarpsins eru frekar sértæk og fjalla nánast eingöngu um förgunarstaði og ferli úrgangs sem ákveðið hefur verið að farga. Eftirfarandi athugasemdir eru gerðar við efni frumvarpsins;

1. Í 1. gr frumvarpsins eru sett fram skýr markmið. Annars vegar á að lágmarka óæskileg áhrif frá úrgangi og hins vegar á að draga úr myndun úrgangs og þá m.a. með því að stuðla að endurnotkun og endurnýtingu. Öll ákvæði frumvarpsins varða fyrri markmið laganna. Engin grein snertir beint síðara markmiðið eða mun stuðla að því að það markmið náist fram.
2. Frumvarpið fjallar um ábyrgð og skyldur sveitarfélaga, rekstraraðila förgunarstaða og opinbert eftirlit. Hvergi er vikið að ábyrgð framleiðanda eða þess aðila þar sem úrgangurinn fellur til.

Lagafrumvarpið er samið með hliðsjón af EB-tilskipun og þarfa ríkisvalds til að treysta lagaumhverfi fyrir urðun og urðunarstaði. Heilbrigðiseftirlitið gerir tillögu að breytingu á 1. grein frumvarpsins. Lagt er til að síðari hluti markmiðssetningar í grein 1 (*Jafnframt er það markmið á sem skemmstum tíma*) verði felldur úr frumvarpinu enda fjallar það að öðru leiti ekki um þá þætti er þar koma fram.

Tekið skal fram að heilbrigðiseftirlitið er alls ekki að mæla gegn þeirri stefnumörkun sem fram kemur í síðari hluta markmiðssetningarinnar. Þvert á móti en hins vegar verður að benda á að ef einhver von á að vera til þess að þau markmið eigi fram að ganga þarf annars konar lög þar sem m.a. yrði tekið á ábyrgð innflytjenda og framleiðenda vöru á gerð og umbúðir hennar, ábyrgð fyrirtækja varðandi flokkun og skil á úrgangi, þátttöku almennings og fleiri þætti.

Virðingartyllst,
f.h. heilbrigðiseftirlits


Páll Stefánsson
heilbrigðisfalltrúi.





HEILBRIGÐISEFTIRLIT
KJÓARSVÆÐIS

Alþingi
Erindi nr. P 127/2236

komudagur 5.6.2002

KJÓS



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

3. júní 2002

Umsögn Heilbrigðiseftirlits Kjöarsvæðis um frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs.

Við er til bréfs dagsett þann 29. apríl 2002 þar sem óskað var eftir umsögn Heilbrigðiseftirlits Kjöarsvæðis um ofangreint frumvarp. Heilbrigðiseftirlit Kjöarsvæðis gerir eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið:

Almennt telur Heilbrigðiseftirlit Kjöarsvæðis að ekki komi nógu skýrt fram í lögnum hvað sé refsivert.

4. gr. 2. mgr. „annast“ er tvítekið.

Heilbrigðiseftirlit Kjöarsvæðis telur eðlilegra að Hollustuvernd ríkisins hafi það hlutverk að setja reglur og að Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga hafi með höndum allt eftirlit og sjái til þess að reglum sé framfylgt. M.ö.o. óeðlilegt er að sami aðili setji reglur og sjá til þess að þeim sé framfylgt.


8. gr. h-liður. Heilbrigðiseftirlit Kjöarsvæðis vekur athygli á að gengið er lengra en áður í að krefja starfsfólk um að það sanni hæfni sína í starfi. Til samanburðar er ekki spurt um hæfni eiganda bifreiðaverkstæðis til að reka bifreiðaverkstæði.

10 gr. Ný málsgrein: „Óheimilt er að geyma báta, kerrur, skráningarskyld ökutæki án skráningarmerkja, tæki vinnuvélar eða aðra hluti á opinberum bifreiðastæðum, við götur eða á almannafæri. Heimilt er að fjarlægja slíka hluti á kostnað og ábyrgð eiganda að undangenginni viðvörðun t.d. með álímingarmiða“. Heilbrigðiseftirlitið telur að setja þurfi inn ríkari lagastoð fyrir því þegar tæki eru fjarlægð sbr. hér að ofan. Heilbrigðiseftirlitið leggur til greininni verði bætt við lagatextann.

21. gr.

Heilbrigðiseftirlit Kjöarsvæðis telur nauðsynlegt að ef Hollustuvernd ríkisins felur heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga eftirlit þá fari Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga jafnframt með ábyrgð á beitingu þvingunarúrræða. Nauðsynlegt er að kröfur á hendur fyrirtækjum og framfylgni þessara sömu krafa með þvingunarúrræðum haldist í hendur, annars er hætt við að framkvæmdin dragi úr trúverðugleika eftirlitsins.

Virðingarfyllst,


Þorsteinn Narfason,
framkvæmdastjóri.

STARFSSVÆÐI: KJÓSARHREPPUR • MOSFELLSBÆR • SELTJARNARNES

ADSETUR: Þverholt 2, 270 Mosfellsbær • SÍMI: 525 6795 • MYNDSENDIR: 525 6799 • KENNITALA: 460290-2529

HEIMASÍÐA: www.eftirlit.is • NETFÖNG: thn@mos.is og ad@mos.is



Alþingi
Erindi nr. P 127/2168

komudagur 16.5.2002

Austurvegur 56 - 800 Selfoss

Sími 482 2410 – Myndsendir 482 2921 – Netfang hs@eyjar.is – Kennitala 480284-0549

Nefndasvið Alþingis
Umhverfisnefnd
Helga E. Þórisdóttir
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Selfossi 14. maí 2002

Varðar: Frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs. 651. mál, EES- reglur.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur kynnt sér frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs, 651. mál. Komið er hér með á framfæri eftirfarandi athugasemdum vegna frumvarpsins;

Lögin fjalla um meðhöndlun úrgangs, landsáætlun um úrgangsmeðhöndlun og áætlun sveitarfélaga um úrgang í samræmi við landsáætlun, gjaldtöku vegna úrgangs og meðhöndlunar, starfsleyfi fyrir móttökustöðvar, urðunarstaði og brennslustöðvar, strafsleyfatryggingar, vöktun, aðgerðir og meðferð urðunarstaða að lokinni notkun.

Ljóst er að lögin leggja auknar kröfur á hlutverk sveitarfélaga vegna úrgangsmeðhöndlunar og förgunar með fyrirsjáanlegri kostnaðaraukningu hjá sveitarfélögum, fyrirtækjum og einstaklingum.


Eftirlitsaðili og útgefandi starfsleyfa er Hollustuvernd ríkisins (Umhverfisstofnun). Heimilt er að framselja eftirlitsþáttinn til sveitarfélaga (heilbrigðisnefnd/faggiltar skoðunarstofur) en ekki þvingunarúrræði gagnvart starfsleyfishafa.

Frumvarpið fjallar m.a. um urðunarstaði, brennslur og einnig allar móttökustöðvar (gámastöðvar). Bent er á að á landsbyggðinni er nú mikill fjöldi smærri gámasvæða og móttökustaða fyrir spilliefni og úrgangsolúr. Eftirlit með þessum stöðum hefur verið að mestu í höndum heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga. Reynsla hefur sýnt fram á nauðsyn þess að daglegur eftirlitsþáttur sé áfram í höndum heimamanna.


Rekstraraðilar skulu skila árlega til Hollustuverndar ríkisins (Umhverfisstofnun) úrgangsskýrslu í samræmi við lög um grænt bókhald o.sfrv. Ekki er fjallað um hlutverk heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga varðandi þennan þátt né að heilbrigðiseftirlit hafi aðgengi að umræddum skýrslum.

Svo virðist að frumvarpið stefni að því að starfsleyfagerð og allt eftirlit varðandi málaflökkinn í heild fari úr héraði og til ríkisins. Er hér með bent á nauðsyn þess að kanna þennan þátt ítarlega m.a. með tillit af þeirri reynslu, sem er til staðar varðandi eftirlit með málaflöknum af hálfu heilbrigðisfulltrúa sveitarfélaga.

Virðingarfyllst


Birgir Þórðarson
heilbrigðisfulltrúi





HEILBRIGÐISEFTIRLIT SUÐURNESJA

SUÐURNES PUBLIC HEALTH AUTHORITY

Alþingi

Erindi nr. P 127/2221

komudagur 31.5.2002

Reykjanesbær 28. maí 2002

Nefndarsvið Alþingis
Helga E. Þórisdóttir nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umsögn um frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs.

Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja hefur fjallað um frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs, 651. mál, EES-reglur. Gerðar eru athugasemdir við 21. gr. frumvarpsins. Í greininni er gert ráð fyrir að Hollustuvernd ríkisins annist starfsleyfisveitingu og eftirlit með urðunarstöðum. Embættið telur að slík vinna eigi að vera í höndum heilbrigðiseftirlits sveitarfélaganna og að kröftum Hollustuverndar ríkisins sé betur varið í ráðgjöf og samræmingu á umhverfiseftirliti í landinu.

Virðingarfyllst,

Magnús H. Guðjónsson
framkv.stj. HES

HEIMILISFANG:

Fitjum, 260 Njarðvík
Reykjanesbær
Íceland

SÍMI / FAX:

+ (354) 421 3788
+ (354) 421 3766

HEIMASÍÐA

www.hes.is

Alþingi
Erindi nr. P 127/2332
komudagur 19.9.2002

Tæknideild Kópavogs

Fannborg 2 – 200 Kópavogur – sími 570 1550

Kópavogur, 19. september 2002.


Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn Sorpu um frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs.

Á fundi bæjarráðs Kópavogs í dag var lagt fram bréf frá Sorpu, dags. 30. f.m., ásamt umsögn Sorpu um frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs. Bæjarráð samþykkti meðfylgjandi umsögn undirritaðs, dags. í gær, ásamt eftirfarandi tillögu að bókun:

“Bæjarráð tekur undir þau sjónarmið sem fram koma í umsögn Sorpu um frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs, einkum hvað varðar þau atriði sem minnst er á í umsögn bæjarverkfræðings, og felur honum að skrifa nefndasviði Alþingis bréf þar að lútandi.”

Bréf þetta var einnig sent í tölvupósti í dag.


Þórarinn Hjaltason
bæjarverkfræðingur

Fylgiskjöl: 1) Umsögn bæjarverkfræðings, dags. 18/9, til bæjarráðs Kópavogs.
2) Bréf Sorpu, dags. 30/8, ásamt umsögn Sorpu.

Tæknideild Kópavogs

Fannborg 2 – 200 Kópavogur – sími 570 1550

Kópavogur, 18. september 2002.
PH/020918so

Til bæjarráðs Kópavogs.

Efni: Sorpa – umsögn.

Á fundi bæjarráðs 5. þ.m. var lagt fram bréf frá Sorpu, dags. 30. f.m., ásamt umsögn Sorpu um frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs. Bæjarráð óskaði eftir umsögn undirritaðs.

Umsögn:

Með ofangreindu frumvarpi er verið að innleiða tilskipun ESB nr. 1999/31. Um er að ræða rammalöggjöf þar sem fram koma heimildarákvæði til reglugerðarsetningar sem talið er að vanti í íslensk lög.

Í bréfi Sorpu til bæjarráðs er bent á þann mikla útgjaldauka sem lagasetning þessi mun hafa í för með sé fyrir sveitarfélögin. Fyrir sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu skiptir mestu máli væntanleg ákvæði um takmörkun á urðun, en þær eru einkum eftirfarandi:

1. Draga skal úr urðun lífræns heimilisúrgangs í áföngum á 15 ára tímabili. Viðmiðunarár er 1995.
2. Árið 2016 skal lífrænn úrgangur ekki vera meiri en 35 % af því sem hann var á viðmiðunarárinu.

Í umsögn Sorpu kemur fram að þessi fyrirmæli munu hafa mikil áhrif á kostnað sveitarfélaganna. Erfitt er að segja með vissu hver sú kostnaðaraukning er, en almennt er talað um í nágrannalöndum okkar að aðskilnaður á lífrænum úrgangi og vinnsla hans leiði til 50 – 100 % hækkun kostnaðar við hirðu og meðhöndlun heimilissorps. Miðað við þetta yrði kostnaðarhækkun sveitarfélaganna í landinu 500 – 1000 m.kr. á ári., en kostnaðarhækkun samfélagsins í heild um tvöfalt meiri. Stjórn Sorpu fagnar ákvæði í 13. gr. frumvarpsins þar sem sett er skilyrði um að ráðherra setji reglugerð að fengnum tillögum Hollustuverndar og að **höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga.**

Til viðbótar ofangreindu er rétt að vekja athygli á umsögn Sorpu um 11. gr. frumvarpsins. Í þeirri grein er m.a. ákvæði um að “gjald sem sveitarfélag eða byggðasamlag innheimtir skal þó aldrei vera hærra en sem nemur þeim kostnaði sem almennt fellur til við meðhöndlun úrgangs í sveitarfélaginu”. Í umsögn Sorpu er spurt hvort þetta þýði að sveitarfélagi sé óheimilt að hvetja til flokkunar og endurvinnslu úrgangs með gjaldskrárstýringu. Flest Evrópuríki stýra söfnun og endurvinnslu með gjaldskrár, m.a. á þann hátt að endurvinnsluflokkar eru niðurgreiddir með því gjaldi sem lagt er á úrgang til urðunar eða brennslu. Nauðsynlegt er að sveitarfélögin hafi

heimild til að beita hagrænum aðferðum til að ná þeim markmiðum sem lög þessi ná til.

Tillaga að bókun:

Bæjarráð tekur undir þau sjónarmið sem fram koma í umsögn Sorpu um frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs, einkum hvað varðar þau atriði sem minnst er á í umsögn bæjarverkfræðings, og felur honum að skrifa nefndasviði Alþingis bréf þar að lútandi.


Þórarinn Hjaltason
bæjarverkfræðingur

10123s (2496x3472x2 pcx)

570000

SORPA

Bæjarráð Kópavogs
Fannborg 2
200 Kópavogur



Reykjavík, 30. ágúst 2002.

Umsögn um frumvarp um meðhöndlun úrgangs.

Meðfylgjandi er umsögn stjórnar SORPU um frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs en með þessu frumvarpi er verið að innleiða tilskipun ESB nr. 1999/31.

Stjórn SORPU telur sérstaka ástæðu til að benda á þann mikla útgjaldsauka sem lagasetning þessi mun hafa í för með sér fyrir sveitarfélögin.

Virðingarfyllt,

Ógmundur Einarsson
frankvæmdastjóri

SORPEYÐING HÖFUDBORGARSVÆÐISINS bs.
MUNICIPAL WASTE DISPOSAL COMPANY
HOVEDSTADSOMRÁDETS AFFALDSBEHANDLING

HEIMILISFANG / ADDRESS
GUFUNES
112 REYKJAVÍK · ICELAND
sorpa@sorpa.is
www.sorpa.is

SÍMI / TEL.
+354-520 2200
MYNDSENDER /
TELEFAX
+354-520 2200

KENNITALA 510588-1189
VSKNR. 15528
REYKJAVÍK SAVINGS BANK
ICERANK LTD. ÁRMÓLA 13A
1158-26-5



UMSÖGN

Frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs

Inngangur

SKJALASAFN

- 2 SEP. 2002

KÓPAVOGSBÆR
Ráðgjafaröð

Aðaltilgangur þessarar lagasetningar er að innleiða tilskipun ESB nr 1999/31 um urðun úrgangs. Farin er sú leið að setja rammalöggjöf þar sem fram koma heimildarákvæði til reglugerðarsetningar sem talið er að vanti í íslensk lög. Aðal áhrif laga þessara munu hins vegar birtast í reglugerðum settum af umhverfisráðherra að höfðu samráði við Samband ísl. sveitarfélaga.

Ástæða er til að fjalla um þau atriði sem verið er að innleiða með þessari lagasetningu:

- A Skilgreiningar á hugtökum
- B Starfsleyfiskröfur fyrir urðunarstaði
- C Takmörkun á urðun tiltekinnna efnaflökka
- D Bann við urðun ákveðinna efnaflökka
- E Krafa um eftirlit með urðunarstöðum eftir lokun og krafa um fjárhagslegar tryggingar í því sambandi.
- F Aðlögunartími fyrir urðunarstaði í rekstri.

Liðir A–B Skilgreiningar og starfsleyfiskröfur.

Þessi atriði munu ekki hafa mikil áhrif. Skilgreiningar eru öllum nauðsynlegar og starfsleyfiskröfur eru mjög greinilega upptaldar og því þekktar öllum sem á þurfa að halda (sjá nánar umfjöllun um einstakar greinar frumvarpsins).

Liður C Takmörkun á urðun.

Takmarkanir sem hér um ræðir koma fram í 5. gr. tilskipunar ráðsins og eru þessar þær helstu.

1. Draga skal úr urðun lífræns heimilisúrgangs í áföngum á 15 ára tímabili. Viðmiðunarár er 1995.
2. Lokatakmark.
Árið 2016 skal lífrænn úrgangur ekki vera meiri en 35 % af því sem hann var á viðmiðunarárinu.

Ljóst er að þessi fyrirmæli hafa mikil áhrif á kostnað sveitarfélaganna. Erfitt er að segja með vissu hver sú kostnaðaraukning er, en almennt er talað um í nágrennalöndum okkar að aðskilnaður á lífrænum úrgangi og vinnsla hans leiði til 50 til 100 % hækkun kostnaðar við hirðu og meðhöndlun heimilissorps.

Eftirfarandi nálgun gefur stærðargráðu:

SORPA

Húsasorp 275 kg/ íbúa

Alls á landinu 80.000 tonn/ár

Meðalkostnaður við flát-söfnun-eyðingu 12.000 kr/tonn án vsk.

Núverandi kostnaður um 960 milljón kr/ár

Kostnaðarhækkun 500 – 1.000 milljón kr/ár.

Rétt er að hafa í huga að þetta er áætlaður kostnaðaranki sem lendir á sveitarfélögum. Kostnaðarhækkun samfélagsins í heild má áætla 1.000 – 2.000 milljón kr/ár þegar kostnaður atvinnulífsins er reiknaður með.

Hver hin endanlega kostnaðarhækkun verður, veitur mjög á ákvæðum í væntanlegum reglugerðum, t.d. hvað varðar skilgreiningar og að hve miklu leyti íslensk stjórnvöld hyggjast fara að markniðssetningu ráðsins sem sett er fram í tilskipuninni. Því ber að fagna ákvæði í 13.gr frumvarpsins þar sem sett er skilyrði um að ráðherra setji reglugerð að fengnum tillögum Hollustuverndar og að hefða samráði við Samband ísl. sveitarfélaga.

Líður D. Bann við urðun ákveðinna efnaflokka.

Ákvæði þetta hefur ekki veruleg áhrif á sveitarfélögin nema skoðuð í ljósi ábyrgðar sveitarfélaganna á því að fyrir hendi sé förgunarleið.

Í tilskipuninni eru nefndir einkum tveir efnisflokkar sem falla undir þetta bann. Annars vegar er fljótandi úrgangur og hins vegar hjólbörð. Um framkvæmd á banni við urðun á hjólbörðum er ekki ástæða til að fjalla sérstaklega um, þar sem vitað er að verið er að vinna að öðrum lagabálki sem tekur á nýjum leiðum við förgun á hjólbörðum.

Varðandi bann við urðun á fljótandi úrgangi þá mun það helst snerta ákveðnar atvinnugreinar s.s. fiskvinnslur og sláturhúsa. Nægir að nefna vandamál sem upp kunna að koma ef bilur verður í fiskimjölsværksmiðjum og hver ábyrgð sveitarfélags á þá að vera. Á sveitarfélag að vera tilbúið með förgunarlánsi í slíkum tilfellum?

Sveitarfélögin kunna að lenda í verulegum útgjöldum til að mæta þessum kröfum. Þar getur verið um að ræða þróun nýrra leiða, samstarf milli byggðalaga sem hefur í för með sér aukinn flutningskostnað svo eitthvað sé nefnt.

Vitað er að í mörgum nágrannalöndum hafa ríkissjóðir veitt untalsverða fjármuni í þróunarstyrki og jafnvel aðlögunarstyrki vegna þessara krafna.

Líður E. Krafa um eftirlit með urðunarstöðum eftir lokun og tryggingar.

Í 15. grein laganna er krafa um að rekstraraðili hafi lagt fram fullnægjandi fjárhagslegar tryggingar eða ábyrgð fyrir því að starfsleyfiskröfur verði uppfylltar o.s.frv. Trygging þessi skal standa í 30 ár eftir að urðunarstað er lokað. Varðandi upphæð tryggingar þá kemur ekki fram í lögnum hver sú upphæð á að vera heldur skal hún metin af Hollustuvernd. Nauðsynlegt er að í lögnum sé sett fram viðmið um upphæð.

SORPA

Í tilskipun ESB eru mjög ítarlegur reglur um atriði sem gera skal á vöktunartímabilinu og mun þau valda umtalsverðum kostnaði sem gera verður ráð fyrir strax í gjaldskrá urðunarstaðanna.

Reynt hefur verið að meta þau atriði til kostnaðar með eftirfarandi hætti.

Viðbótarkostnaður á ári við vöktun og eftirlit með urðunarstað:

Veðurfarsmælingar	0,2 milljón kr. /ár
Mengunarmælingar vatn/gas	0,7 "
Grunnvatnsmælingar	0,4 "
Yfirborðsmælingar	0,2 "

Alls 1,5 milljón kr./ár

Samtals 45 milljón kr á vöktunartímabil (30 ár) og hvern stað. Þessi upphæð verður að vera til í sjóði þegar urðunarstað er lokað.

Áhrifa þessa kostnaðar gætir ekki mikið hér á höfuðborgarsvæðinu en er umtalsvert þyngjandi á litlum stöðum á landsbyggðinni. Þetta mun sennilega verða eitt af þeim atriðum sem skoða verður þegar framtíð niðverandi urðunarstaða verður metin.

Liður F Aðlögunartími fyrir urðunarstaði í rekstri.

Í 22. gr. laganna er ákvæði til bráðabirgða þar sem rekstraráðilum urðunarstaða sem eru í rekstri fá nokkra mánuði til að senda inn áætlun um hvernig unnt sé að laga rekstur urðunarstaðarins að ákvæðum laganna og hafa staðinnir síðan 6 ár til að uppfylla kröfur ella skal þeim lokað.

Atriði þetta mun flýta fyrir lokum nokkurra staða á landsbyggðinni og er líklegt til að hvetja til samnýtingar stærri staða.

Á mörgum minni stöðum á landsbyggðinni mun þetta fyrirkomulag leiða til umtalsverðs kostnaðaranka fyrir íbúa þeirra staða.



SÖRPA

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

I. KAFLI, Markmið, gildissvið og skilgreiningar

1. gr.

Eitt af markmiðum laganna er að „áregið verði skipulega úr myndun úrgangsefna eftir því sem umnt er“. Hér er rétt að benda á að engin meðul eða aðferðir til að ná þessu markmiði er að finna í frumvarpi þessu, heldur er hér eingöngu verið að fjalla um förgun á úrgangi. Engar heimildir eru í frumvarpinu sem heimila sveitarfélögum að beita hagrænum eða öðrum aðferðum við að ná þessu markmiði. Því er lagt til að þessari grein verði breytt þannig að hún endurspegli tilgang úrbunartilskipunar sambandsins þ.e. að draga eins og kostur er úr neikvæðum áhrifum úrbunar úrgangs á umhverfið, sérstaklega grunnvatn, vfirborðsvatn, jarðveg og loft sem og inntræð áhrif þ.m.t. gróðurhúsáhrif og hættu á neikvæðum áhrifum á heilsufar manna á öllum lífima úrbunarstaða. Þessu skal ná með strangari rekstrarskilyrðum og tæknilegum kröfum til úrbunarstaða (sjá „Article 1, Overall objective i umræddri gjörð“).

Sé hins vegar ætlunin að halda upphaflegum texta er lagt til að greininni verð breytt þannig (viðbót er feitletruð): „...förgun úrgangs háttad þannig að hann nái jafnvægi við umhverfi sitt á sem skemmstum tíma enda sé notast við bestu fínanlegu tækni á hverjum tíma“. Með þessu móti er verið að tengja markmiðin cfnahagslegum forsendum.

3.gr.

Söfnunarstöð (gámastöð). Hér þyrfti að bæta inn orðinu „endurvinnslustöð“ svo ekki fari milli mála hvað átt er við. Söfnunarstöðvar á höfuðborgarsvæðinu hafa verið kallaðar endurvinnslustöðvar.

II. KAFLI, Almenn ákvæði

4. gr.

3 málsgrein 4. gr. fjallar um að Hollustuvernd skuli gefa út almenna áætlun um meðhöndlun úrgangs sem gildir fyrir landið allt. Nær væri að Hollustuvernd gæfi út almennar leiðbeiningar um gerð slíkra áætlana en sveitarfélögin eða sambönd þeirra sjái um gerð áætlana fyrir sitt starfssvæði eða stærri hagkvæmar einingar. Óeðlilegt er að ríkisvaldið, sem ekki hefur neim beinan kostnað af framkvæmd slíkra áætlana segi til um slíka áætlun. Mjög má draga í efa að Hollustuvernd hafi til þess þekkingu á tæknilegum lausnum eða kostnaði að áætlun samín af þeim uppfylli skilyrði um bestu fínanlegu tækni á hverjum tíma. Landsáætlun ætti í raun að vera samín upp úr áætlunum sveitarfélaga. Í öllu falli ætti landsáætlun að vera samín af Hollustuvernd og Sambandi íslenskra sveitarfélaga í sameiningu.

SÖRPA

Í 5 málsgrein er fjallað um ábyrgð sveitarfélaga og m.a. kveðið á um að sveitarstjórn beri ábyrgð á að starfræktar séu móttöku- og söfnunarstöðvar fyrir úrgang sem fellur til í sveitarfélaginu. Hér þarf að hmykja á um, að sveitarstjórn hafi heimild til gjaldtöku vegna þess kostnaðar sem af slíkri meðhöndlun úrgangs leiðir, sérstaklega af atvinnurekstri t.d. með því að vísa í 11. grein frumvarpsins um heimild

SKJALASAFN

- 2 SEP. 2002

KÖPAVOGSBÆR
Borgarstjórn

11. gr.

Í þessari grein er m.a. ákvæði um að „gjald sem sveitarfélag eða byggðasamlag innheimtir skal þó aldrei vera hærra en nemur þeim kostnaði sem almennt fellur til við meðhöndlun úrgangs í sveitarfélaginu“. Spyrja má hvort þetta þýði að sveitarfélagi sé óheimilt að hvetja til flokkunar og endurvinnslu úrgangs (sem er jú eitt af meginmarkmiðum frumvarpsins) með gjaldskrárstýringu. Sú leið sem flest Eyröpurki fara er að stýra söfnun og endurvinnslu með gjaldskrár, m.a. á þann hátt að endurvinnsluflokkar eru niðurgreiddir með því gjaldi sem lagt er á úrgang til urðunar eða brennslu. Nauðsynlegt er að til sé slík heimild fyrir sveitarfélögin, til að beita hagrænum aðgerðum til að ná fram þeim markmiðum sem lög þessi ná til, á sama hátt og verið er að undirbúa að ná markmiðum samkvæmt tilskipun um endurvinnslu umbóta. Hér getur t.d. verið um að ræða annan pappír en umbúðir, fatnað af öllu tagi og innihald umbóta af lífrænum uppruna af öllu tagi. Ef hægt er að leggja gjald á umbúðir þá hlýtur að vera hægt að leggja gjald á innihaldið. Skýrt ákvæði þarf um að slík gjaldskrárstýring sveitarfélaga sé leyfileg. Einnig þarf að tryggja betur, að þan gjöld sem sveitarfélögin eða félög þeirra innheimta af íbúum og atvinnustarfsemi standi einnig undir þróun nýrrar tækni, fræðslu, kynningarmála, sameiginlegri hagsmunagæslu o.s.frv.

Í síðustu málsgrein greinarinnar er ákvæði um að birta skuli gjaldskrár sveitarfélaga eða byggðasamлага í B-deild Stjórnartíðinda og er gengið út frá því að rekstrarform rekstraraðila urðunarstaða sé byggðasamlag. Nú er reyndin sú að í gildi eru tvöms konar gjaldskrár. Annars vegar eru það gjaldskrár sveitarfélaga sem taka til alls sorphirðukostnaðar gagnvart íbúum sveitarfélags og svo gjaldskrá rekstraraðila móttöku- og urðunarstaða sem nær til hluta kostnaðarinnar þ.e.a.s. aðeins móttöku-, endurvinnslu- og förgunarkostnað en ekki flutninga og flátakostnað. Einnig þekktist að rekstrarform urðunarstaða sé í hlutafélagsformi. Skýra þarf betur hvaða gjaldskrá eða gjaldskrár skal birta í B-deild Stjórnartíðinda.

13. gr.

Í þessari grein eru heimildir til umhverfisráðherra að setja reglugerðir um ýmis atriði. Svo virðist sem að setja eigi í reglugerðir þau ákvæði sem eru mest þyngjandi ákvæði tilskipunar sambandsins um urðun úrganga. Hér er átt við ákvæði í tilskipuninni um flokkun og vinnslu á lífrænum úrgangi. Gera má ráð fyrir að kostnaður sveitarfélaga, sérstaklega minni sveitarfélaga, við málaflökkim í heild geti aukist um meira en 100% verði sveitarfélögin þvinguð til að uppfylla öll ákvæði í tilskipuninni. Því er brýnt að í lögunum komi betur fram hvaða kröfur er varða þetta atriði ríkisvaldið ætlar sveitarfélögunum að uppfylla (sjá nánar umfjöllun í inngangi).



III. KAFLI

Sérákvæði um urðunarstaði

15. gr.

Í þessari grein er m.a. fjallað um að trygging skuli undanskilin þrotabúi rekstraraðila en ekki er fjallað um hvað skuli gera ef eigendur rekstraraðila urðunarstaðar ákveða að slíta félaginu. Tryggja verður að tryggingin sé ekki uppsegjanleg á tímabilinu sem tryggingin nær yfir.

16. gr.

Í þessari grein er kveðið á um að „rekstraraðili skuli tilkynna Hollustuvernd ríkisins eða viðkomandi eftirlitsaðila um hvers konar skaðleg áhrif á umhverfið sem teijast veruleg og koma í ljós við eftirlit og vöktun. Hann skal einnig hlíta ákvörðun Hollustuverndar ríkisins um eðli og tímasetningu aðgerða til úrbóta sem grípa ber til“. Hér er rétt að bæta við ákvæði um að krafa um slíkar aðgerðir að hálfu Hollustuverndar séu byggðar á vísindalegum rökum og miðist við bestu fánlegu tækni eins og hún er skilgreind á hvegjum tíma. Hér vantar alfaríð hvernig fara skal með kostnað af slíkum aðgerðum ef grípa þarf til þeirra eftir að urðunarstað er lokað.

17. gr.

Í 2. mgr. er m.a. fjallað um lokun urðunarstaða „svo lengi sem teija má að mengunarkættu stafi af urðunarstaðnum, að jafnaði í 30 ár frá lokun hans“. Hér gættir misræmis við gr. 11 og gr. 15 þar sem segir að trygging skuli standa í 30 ár en hér má skylja ákvæðið þannig að tryggingartímabilið geti orðið lengra en 30 ár.

Í greininni er einnig fjallað um að „eftirlitsaðila sé heimilt að gefa fyrirmæli um lokunaradgerðir, vöktun og umsjón með því svæði þar sem rekinn hefur verið urðunarstaður...“. Hér þarf nánari útskýringa við. Óeðlilegt er að eftirlitsaðili (t.d. Heilbrigðisnefnd eða annar til þess bær aðili) gefi slík þvingjandi fyrirmæli heldur er eðlilegt að slík fyrirmæli séu gefin út af þeim aðila er gaf út starfsleyfið. Útskýra þarf nánar hvert er verksvið eftirlitsaðila sé það ekki sami aðili og gaf út starfsleyfið. Einnig þarf að tryggja að kröfur um slíkar aðgerðir séu byggðar á vísindalegum rökum og miðist við bestu fánlegu tækni.

Alþingi
Erindi nr. P 127/2308
komudagur 27.6.2002



Alþingi
Umhverfisnefnd Alþingis
v/Austurvöll
150 Reykjavík

25. júní 2002
004. TB

Efni: Frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs, 651, mál.

Vísað er í bréf frá Umhverfisnefnd Alþingis, dags. 29. apríl sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúruverndar ríkisins um frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs, 651 mál.

Náttúruvernd ríkisins gerir ekki athugasemdir við framangreint frumvarp að öðru leiti en því að því um næstu áramót mun ný stofnun, Umhverfisstofnun, taka til starfa. Framkvæmd framangreindra laga mun heyra undir þá stofnun. Eðlilegt er að gera ráð fyrir þessum breytingum og breyta lagatextanum til samræmis við það.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson
sviðsstjóri



Borgarstjórnin í Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 127/2256
komudagur 10.6.2002

Reykjavík, 4. júní 2002

R02050009

175

GE/jb

Alþingi - Allsherjarnefnd

Alþingi
101 REYKJAVÍK

Frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs

Á fundi borgarráðs í dag var lögð fram umsögn forstöðumanns Umhverfis- og heilbrigðisstofu frá 24. þ.m. um frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs.

Borgarráð samþykkti umsögnina, sem fylgir í ljósriti.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir

Afrit:
Forstöðumaður Umhverfis- og heilbrigðisstofu



Málsnr.: R02050009
Skjalasafn Ráðhúss

24 MAÍ 2002

Bréfalykill: 175

Borgarráð
Hjörleifur Kvaran
Ráðhús Reykjavíkur

Reykjavík, 24. maí 2002

Varðar: Umsögn um frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs.

Vísað er til bréfs borgarlögmans, dags. 3. maí 2002, þar sem þess er óskað að Umhverfis- og heilbrigðisstofa veiti umsögn um frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs.

Umhverfis- og heilbrigðisstofa hefur yfirfarið frumvarpið og gerir eftirfarandi athugasemdir við efni þess:

Almennar athugasemdir:

Markmið þessa frumvarps er lýst í 1. gr. þess:

“... að stuðla að því að meðhöndlun úrgangs valdi sem minnstum óæskilegum áhrifum á umhverfið og mengi ekki vatn, jarðveg né andrúmsloft, svo og að draga úr hættu sem förgun úrgangs getur haft á heilsu manna og dýra.

Jafnframt ... að dregið verði skipulega úr myndun úrgangsefna eftir því sem unnt er. Þeim úrgangi sem myndast verði komið í endurnotkun og endurnýtingu og nauðsynlegri förgun úrgangs háttað þannig að hann nái jafnvægi við umhverfi sitt á sem skemmstum tíma.”

Umhverfis- og heilbrigðisstofa telur að fagna beri því að meðhöndlun úrgangs, sérstaklega förgun þess, fái nú traustan grunn og lagastoð. Verði frumvarp þetta að lögum mun það fela í sér lögfestingu ákvæða ESB-tilskipunar nr. 31 frá 1999 um urðunarstaði fyrir úrgang.

Athugasemdir við einstakar greinar:

3. gr.: Í þessari grein er að finna skilgreiningar á ýmsum hugtökum. Að mati Umhverfis- og heilbrigðisstofa er óljóst undir hvaða hugtak sóttmengaður úrgangur eigi að falla. Þó svo að úrgang þennan mætti fella undir “spilliefni” þyrfti að taka það sérstaklega fram í skilgreiningu þess hugtaks þar sem reglugerð nr. 810/1999, um skrá yfir spilliefni og annan úrgang, flokkat slíkan úrgang ekki sem spilliefni.



4. grein: 2. mgr. 4. gr. hljóðar svo:

“Hollustuvernd ríkisins annast eftirlit með framkvæmd laga þessara. Heilbrigðisnefndir annast þó eftirlit með meðhöndlun á úrgangi, sbr. 10. gr.”

Samkvæmt skilgreiningu á hugtakinu „meðhöndlun”, í 3. gr. frv., nær hún til allra þátta meðhöndlunar úrgangs, þ.m.t. förgun úrgangs. Í athugasemdum með frumvarpinu segir hinsvegar að Hollustuvernd ríkisins fari með eftirlit með því að ákvæði starfsleyfis, væntanlega fyrir urðunarstaði og brennslustöðvar, séu virt, en heilbrigðisnefnd hafi eftirlit með *annarri* meðhöndlun úrgangs. Að mati Umhverfis- og heilbrigðisstofu er hér að finna ákveðna mótsögn. Annaðhvort þyrfti að nota annað hugtak en „meðhöndlun” eða að heilbrigðisnefnd hafi í raun og veru eftirlit með allri meðhöndlun sem er æskilegt, sbr. athugasemdir hér á eftir við 21. gr. frumvarpsins.

5. grein: Í 1.mgr. er ráðherra veitt heimild til þess að veita tímabundna undanþágu frá starfsleyfi ef “ríkar ástæður mæla með”.

Umhverfis- og heilbrigðisstofa gerir athugasemd við það að ekki er gefin nein skýring á því hvers vegna þetta ákvæði er sett inn frumvarpið. Á meðan tilgangur ákvæðisins er ekki ljós er erfitt að gera sér grein fyrir hvað kunni að teljast “ríkar ástæður” skv. lögunum en greinargerð frv. veitir ekki frekari skýringu á því.

Í 2.mgr. segir að Hollustuvernd ríkisins skuli gefa út starfsleyfi fyrir söfnunarstöð ef hún er rekin í tengslum við móttökustöð, en að öðru leyti veitir heilbrigðisnefnd söfnunarstöðvum starfsleyfi.

Að mati Umhverfis- og heilbrigðisstofu er óljóst hvað er átt við með “í tengslum við”. Mörg sorpsamlög á landinu reka bæði söfnunarstöðvar og förgunarstaði, t.d. SORPA. Hingað til hafa heilbrigðisnefndir veitt öllum söfnunarstöðvum leyfi, en Hollustuvernd ríkisins starfsleyfi fyrir förgunarstaði. Þetta þarf að skýra, t.d. hvort átt er við að söfnunarstöð sé rekin innan förgunarsvæðis, þ.e. í nánnum landfræðilegum tengslum, eða hvort er átt við að sami aðili reki söfnunar- og móttökustöðvar. Útgáfa starfsleyfis frá einum aðila er í sjálfu sér ekki óeðlileg en hér mætti opna fyrir þann möguleika að samið verði við heilbrigðisnefnd að hún gefi út leyfið ef hún treystir sér til þess.

Í 3. mgr. er Hollustuvernd ríkisins einnig veitt heimild til að setja ákvæði í starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem heimilar förgun á eigin úrgangi á framleiðslustað. Þetta getur átt við fyrirtæki sem heilbrigðisnefnd veitir starfsleyfi, t.d. svina- og alifuglabú.

Að mati Umhverfis- og heilbrigðisstofu, bendir ákvæðið til þess að Hollustuvernd sé ætlað að setja ákvæði inn í starfsleyfi sem heilbrigðisnefnd er ætlað að gefa út. Slík framkvæmd gæti leitt til óeðlilegrar skörunar á verkefnum Hollustuverndar ríkisins og heilbrigðisnefnda.

10. grein: Í 1. mgr. segir að allur úrgangur skuli meðhöndlaður á viðeigandi hátt áður en til förgunar kemur.

Að mati Umhverfis- og heilbrigðisstofu þyrfti að skýra við hvað er átt með orðunum „á viðeigandi hátt”.

13. gr.: Í þessari grein frumvarpins er kveðið á um ýmis efni sem umhverfisráðherra er ætlað kveða nánar á um í reglugerð að höfðu samráði við Hollustuvernd ríkisins og Samband íslenskra sveitarfélaga. Liðir a-l snerta nánast allir með einum eða öðrum hætti starfssvið heilbrigðisnefnda og embætti heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga, þ.e. hér er um fagleg málefni að ræða sem sérfræðingar áðurgreindra stofnana sveitarfélaga hafa einna besta þekkingu á. Umhverfis- og heilbrigðisstofu þætti því við hæfi að beint samráð væri haft við heilbrigðisnefndir sveitarfélaga eða heilbrigðiseftirlit þeirra. Umhverfis- og heilbrigðisstofa teldi einnig til mikilla bóta ef kveðið væri á hvenær nefndar reglugerði skuli í síðasta lagi taka gildi.

21. grein: Í 1. mgr. segir að Hollustuvernd ríkisins hafi heimild til þess að fela heilbrigðisnefnd eftirlit með því að rekstraraðili móttökustöðvar virði ákvæði starfsleyfis en að þvingunarúrræði, ef með þarf, séu áfram hjá Hollustuvernd.


Ekki er að finna í frumvarpinu útskýringu á því hvers vegna eftirlit og beiting þvingunarúrræða eigi að vera miðstýrð og hverjir kostir slíkrar miðstýringar kunni að vera. Umhverfis- og heilbrigðisstofa telur að eftirlit án þvingunarúrræða leiði til óskilvirkrar stjórnsýslu. Þetta á sérstaklega við þegar um förgun úrgangs er að ræða. Ef eftirlitsaðili á vegum heilbrigðisnefndar, sem Hollustuvernd ríkisins hefur falið eftirlit, yrði var við móttöku úrgangs á tilteknum stað án heimildar, sem stöðva þyrfti tafarlaust, t.d. óheimil móttaka á spilliefnum, yrði hann fyrst að hafa samband við fulltrúa Hollustuverndar ríkisins sem þyrfti að kynna sér málið og mæta á staðinn til að geta borið ábyrgð á nauðsynlegum þvingunarúrræðum. Það segir sig sjálf að slíkt er nánast útilokað þegar lengra dregur frá höfuðborgarsvæðinu en þar verður Hollustuvernd ríkisins, sem frá næstu áramótum mun falla undir Umhverfisstofnun, sbr. nýlega samþykkt lög, verða staðsett. Hér er því ekki einungis um óskilvirka stjórnsýslu að ræða heldur er hætta á að umhverfið beri skaða af ef þetta ákvæði fær að standa.

Í greinargerð með athugasemdum varðandi 21. gr. kemur fram að það hafi verið almenn stefna ríkisvaldsins að einfalda eftirlit og auka skilvirkni þess, sbr. lög nr. 27/1999 um opinberar eftirlitsreglur, og flytja það eins mikið og hægt er heim í hérað, a.m.k. hvað umhverfismál varðar. Skilvirkni eftirlits er m.a. fólgin í því að aðgerðir komi tafarlaust til framkvæmda, til að vernda menn og umhverfið, og gerist slíkt ekki án þess möguleika til að beita nauðsynlegum þvingunarúrræðum. Miðstýring þvingunarúrræða í tilfalli meðhöndlunar úrgangs stenst ekki kröfur um skilvirkni og ber því að afnema.


Að mati Umhverfis- og heilbrigðisstofu myndi miðstýring eftirlits með þessum hætti vera skref afturábak í skilvirkri stjórnsýslu. Það er eindregin skoðun stofunnar að eftirlit með meðhöndlun úrgangs sé best fyrir komið í höndum heilbrigðisnefnda sveitarfélag og að eftirlit án þvingunarúrræða er óæskilegt og til skaða fyrir umhverfið. Umhverfis- og heilbrigðisstofa dregur í efa að eftirlitsaðilar muni taka að sér eftirlit undir þessum formerkjum.

Frumvarp þetta gerir og ráð fyrir að tillögur um reglur vegna meðhöndlunar úrgangs komi frá Hollustuvernd ríkisins, sbr. grein 13, en síðan hefur sama stofnun eftirlit með framkvæmd stórs hluta meðhöndlunar úrgangs. Þetta virðist vera á skjön við ákvæði 11. gr. í reglugerð nr. 812/1999 um eftirlitsreglur hins opinbera, en þar segir að „leitast skal við að tryggja að það séu ekki sömu aðilar sem setji reglur og annist framkvæmd eftirlits“.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Elly K. J. Guðmundsdóttir', written over a horizontal line.

Elly K. J. Guðmundsdóttir
forstöðumaður



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Umhverfisnefnd Alþingis
b.t. Helgu E. Þórisdóttur
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 14. júní 2002

Sam 216/2002 ÞS/sp
Tilv.: 215,0

*Alþingi
Erindi nr. Þ 127/2278
komudagur 25.6.2002*

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs, 651. mál

Á fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 14. júní, var lagt fram bréf frá umhverfisnefnd Alþingis, dags. 29. apríl 2002, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs, 586. mál, EES-reglur.

Stjórnin samþykkti meðfylgjandi umsögn.

Virðingarfyllst

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Þórður Skúlason

Þórður Skúlason
framkvæmdastjóri



Umsögn

Sambands íslenskra sveitarfélaga

um frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs

Stjórn sambandsins gerir ekki efnislegar athugasemdir við frumvarpið en hvetur til þess að athugasemdir frá fagaðilum innan sveitarfélagageirans séu skoðaðar gaumgæfilega.

Með frumvarpi þessu er verið að innleiða tilskipun Evrópuráðsins 1999/31/EB, um urðun úrgangs frá 26. apríl 1999. Innleiðing tilskipunarinnar og þar með þessa frumvarps hefur í för með sér ýmsar breytingar og auknar kröfur vegna umhverfisþátta við meðhöndlun úrgangs. Ljóst er að slíkt mun hafa verulegan kostnaðarauka í för með sér fyrir sveitarfélög sem bera ábyrgð á þessum málaflokki. Hver kostnaðarukinn verður er hins vegar afar erfitt að meta en hann getur þó hlaupið á verulegum fjárhæðum sem geta numið á annan milljarð á ári. Þau atriði sem helst hafa áhrif og valda þeirri óvissu sem er varðandi kostnaðinn eru m.a. að tilskipunin og löggin gera ráð fyrir ákveðnum aðlögunartíma. Því mun kostnaðarukinn koma fram á nokkuð löngum tíma og ekki er ljóst hvenær innan aðlögunartímans einstaka sveitarfélög uppfylla skilyrði laganna. Einnig er mjög líklegt að sveitarfélög muni sameinast um urðunarstaði og að þeir verði mun færri en nú er. Enn eitt atriði sem veldur óvissu í þessum efnum er að væntanleg reglugerð sem sett verður á grundvelli laganna mun hafa veruleg áhrif á þann kostnað sem hlýst af meðhöndlun úrgangs.

Stjórn sambandsins leggur því til að kannað verði á hverju ári þar til afleiðingar laganna eru að fullu komnar í ljós hversu mikill kostnaður er fólgin í meðhöndlun úrgangs. Að lokinni slíkri árlegri könnun verði sveitarfélögunum jafnhliða tryggðir fjármunir til þess að standa undir þeim kostnaðarauka sem íslenska ríkið hefur skuldbundið sveitarfélögin til að standa undir.

Að því gefnu að samhliða samþykkt frumvarpsins verði gengið frá slíku samkomulagi milli ríkis og sveitarfélaga gerir stjórnin ekki aðrar athugasemdir við frumvarpið.

Samþykkt á fundi stjórnar sambandsins 14. júní 2002.

Þórður Skúlason
framkvæmdastjóri



SAMBAND ÍSLENSKRA TRYGGINGAFÉLAGA

Association of Icelandic Insurance Companies

S/103

Alþingi

Erindi nr. P 127/2172

komudagur 17. 5. 2002

Alþingi,
umhverfisnefnd,
nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

Suðurlandsbraut 6
108 Reykjavík
Sími/Tel.: +354-568 1612
Bréfsími/Fax: +354-568 9664

16. maí 2002

Efni: Um frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs, 651. mál.

Með bréfi umhverfisnefndar Alþingis, dags. 29. apríl sl., var óskað umsagnar Sambands íslenskra tryggingafélaga um ofangreint þingmál. Í frumvarpi þessu eru gerðar stórum strangari kröfur varðandi starfsskilyrði og starfsheimildir móttökustöðva úrgangs og urðunarstöðva úrgangs en tíðkast hefur en, um þessi atriði gilda nú lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Eftirfarandi atriðum skal hreyft varðandi frumvarp þetta:


1. Yfirskrift 15. gr. frumvarpsins er **starfsleyfistrygging**. Í ákvæði þessu er gert að skilyrði starfsleyfis fyrir urðunarstað, að rekstraraðili hafi lagt fram fjárhagslega tryggingu fyrir því að staðið verði við starfsskyldur, þ.m.t. lokunar- og eftirlitsaðgerðir i kjölfar þess, að urðunarstað hefur verið lokað. Skuli starfsleyfistrygging þessi gilda i 30 ár eftir lokun urðunarstaðar. Þessi fjárhagslega trygging sýnist „tæknilega“ geta verið i formi bankaábyrgðar eða váttryggingar (efndaváttryggingar). Hvorugt er þó tæpast raunhæfur kostur, m.a. vegna hins óvissa en þó ætíð langa ábyrgðartíma, þ.e. að ábyrgðin verður að vera við lýði á starfstímanum öllum, hvort sem hann er lengri eða skemmri, og í full 30 ár eftir að starfsemi hefur verið hætt. Ástæða er til að áréttta þetta atriðið sérstaklega í umsögn þessari.

Í athugasemdum frumvarpsins um ákvæði þetta er vandinn við þessa starfsleyfistryggingu rakinn nokkuð. Kemur þar m.a. fram, að af þessum sökum komi til álita, að rekstraraðilinn gefist kostur á að safna í e.k. tryggingasjóð á rekstrartímanum, og sé um sveitarfélag að ræða, að því gefist kostur á því að gefa út ábyrgðaryfirlýsingu vegna þessa. Ráð er fyrir því gert, sbr. f.-lið 13. gr. frumvarpsins, að um starfsleyfistrygginguna verði fyllri ákvæði sett í reglugerð. Er brýnt, að í þeirri reglugerð verði ofangreind staða höfð í huga, og rekstraraðilum ekki íþyngt úr hófi vegna þessa.

2. Yfirskrift 12. gr. er **ábyrgð vegna flutnings úrgangs**. Að nota orðið **ábyrgð** í því sambandi, sem gert er hér, getur verið villandi, og gefið til kynna að átt sé við skaðabótaábyrgð eða aðrar skyldur og kvaðir. Það er þó ekki ætlunin, heldur mun hér átt við **tryggingu**, sem eftir atvikum getur verið í formi bankaábyrgðar, vátryggingar eða annarrar tryggingar, sem metin yrði fullnægjandi. Í athugasemdum með 12. gr. er raunar réttilega notað orðið trygging í þessu sambandi. Er lagt til, að yfirskrift 12. gr. verði breytt í „**trygging vegna flutnings úrgangs**“.

Jafnframt er lögð til breyting á k.-lið 13. gr. frumvarpsins, og að í stað „þ.m.t. ábyrgð skv. 12. gr.“ komi „þ.m.t. **tryggingu** skv. 12. gr.“.

Með vinsemi og virðingu,
SAMBAND ÍSLENSKRA TRYGGINGAFÉLAGA


Sigmar Arnmannsson

Alþingi
Erindi nr. P 127/2311
komudagur 17. 7. 2002

SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

SAMTÖK IÐNAÐARINS

Alþingi – nefndarsvið
Umhverfisnefnd
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 15. júlí 2002

Efni: Frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs, 651. mál

Samtök iðnaðarins og Samtök atvinnulífsins hafa fengið til umsagnar frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs, 651. mál, EES-reglur.

Samtökin gera ekki beinar athugasemdir við frumvarpið en vekja athygli á að í 13. gr. frumvarpsins eru umfangsmiklar reglugerðarheimildir þar sem tekið verður á kröfum um úrgang og móttökustöðvar fyrir úrgang. Sumar þessara krafna koma til með að snerta atvinnulífið. Samtökin telja eðlilegt að eiga fulltrúa i undirbúningi að reglugerðum sem snerta umbjóðendur þeirra.

Í 9. gr. frumvarpsins er kveðið á um að urðunarstaðir skrái m.a. upplýsingar um urðað magn af úrgangi. Mikilvægt er að slík gagnasöfnun sé samræmd og að skipulega sé að henni staðið þar sem gögnin koma til með að nýtast vel í viðleitni við að minnka urðun og auka endurnýtingu og endurnotkun.

F.h. Samtaka atvinnulífsins

F.h. Samtaka iðnaðarins



Óskar Mariusson



Ólafur Kjartansson



SAMTÖK SUNNLENSKRA SVEITARFÉLAGA
Alþingi

Erindi nr. P 127/2140

komudagur 13. 5. 2002

Selfossi, 10. maí 2002


Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Á fundi stjórnar samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, sem haldinn var 12. maí sl., voru eftirfarandi þingmál frá Alþingi tekin til umsagnar:

- a. Frumvarp til laga um hvalveiðar, 648. mál.
Mælt er með samþykkt frumvarpsins.
- b. Tillaga til þingsályktunar um neysluvatn, 679. mál.
Ekki er tekin afstaða til tillögunnar.
- c. Tillaga til þingsályktunar um strandsiglingar, 466. mál.
Ekki er tekin afstaða til tillögunnar
- χ d. Frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs, 651. mál., EES-reglur.
Ekki er tekin afstaða frumvarpsins.
- e. Tillaga til þingsályktunar um notkun svifnökkva til flutninga á milli lands og Vestmannaeyja, 443. mál.
Mælt er með samþykkt tillögunnar.
- f. Tillaga til þingsályktunar um gagnsemi raflýsingar á þjóðvegum milli þéttbýlisstaða, 442. mál.
Mælt er með samþykkt tillögunnar og vísað til ályktana aðalfunda SASS um þessi efni.
- g. Tillaga til þingsályktunar um þjónustugjald á fjölsóttum náttúruverndarsvæðum, 439. mál.
Mælt er með samþykkt tillögunnar.

Umsögnunum er hér með komið á framfæri.

Virðingarfyllst,
f.h. SASS


Þorvarður Hjaltason
framkvæðastjóri

Alþingi

Erindi nr. Þ 127/2336

komudagur 26.9.2002

Borgarnesi, 22 september 2002.

Nefndasvið Alþingis.
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík


Frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs

Á stjórnarfundum Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi sem haldinn var þriðjudaginn 17. september sl. var tekið fyrir frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs.

Stjórn SSV tekur undir umsögn Sorpurðunar Vesturlands hf. um frumvarpið.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt.


Hrefna B. Jónsdóttir

Alþingi
Erindi nr. P 127/2329
komudagur 6.9.2002



2002050006

9140

Alþingi
Helga E. Þórisdóttir
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 2. september 2002

/--

Efni: Umsögn Skipulagsstofnunar um frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs, 651. mál.

Skipulagsstofnun hefur 2. maí 2002 borist erindi umhverfisnefndar Alþingis frá 29. apríl s.á., þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs, 651. mál, EES-reglur.

Varðandi 6. gr. framvarpsins bendir Skipulagsstofnun á 22. gr. rg. 785/1999, sbr. rg. nr. 849/2000 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, þar sem segir að niðurstaða mats á umhverfisáhrifum skuli liggja fyrir áður en tillaga að starfsleyfi er auglýst. Þá telur stofnunin eðlilegra að umsókn um starfsleyfi skuli fylgja upplýsingar um stöðu skipulags á viðkomandi framkvæmdsvæði en að samþykkt deiliskipulag eða leyfi sveitarstjórnar skuli liggja fyrir, þar sem leyfi sveitarstjórnar skv. skipulags- og byggingarlögum og fyrirkomulag framkvæmda í deiliskipulagi kann að vera háð upplýsingum sem fram koma við umfjöllun um tillögu að starfsleyfi.

Skipulagsstofnun gerir að öðru leyti ekki athugasemdir við efni frumvarpsins.


Elín Smáradóttir

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 -10
150 Reykjavík

Reykjavík 29.ágúst 2002

**Frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs
651. mál, EES- reglur**

Umhverfisnefnd Alþingis sendi Sorpeyðingu höfuðborgarsvæðisins bs. til umsagnar þann 29. apríl s.l. frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs.

Hjálagt fylgir umsögn stjórnar byggðasamlagsins samþykkt á fundi hennar þann 29.ágúst 2002

Virðingarfyllst



Ögmundur Einarsson
Framkvæmdastjóri

Hálagt
Umsögn stjórnar SORPU

UMSÖGN

Frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs

Inngangur

Aðaltilgangur þessarar lagasetningar er að innleiða tilskipun ESB nr 1999/31 um urðun úrgangs. Farin er sú leið að setja rammalöggjöf þar sem fram koma heimildarákvæði til reglugerðarsetningar sem talið er að vanti í íslensk lög. Aðal áhrif laga þessara munu hins vegar birtast í reglugerðum settum af umhverfisráðherra að höfðu samráði við Samband ísl. sveitarfélaga.

Ástæða er til að fjalla um þau atriði sem verið er að innleiða með þessari lagasetningu:

- A Skilgreiningar á hugtökum
- B Starfsleyfiskröfur fyrir urðunarstaði
- C Takmörkun á urðun tiltekinna efnaflokka
- D Bann við urðun ákveðinna efnaflokka
- E Krafa um eftirlit með urðunarstöðum eftir lokun og krafa um fjárhagslegar tryggingar í því sambandi.
- F Aðlögunartími fyrir urðunarstaði í rekstri.

Liðir A –B Skilgreiningar og starfsleyfiskröfur.

Þessi atriði munu ekki hafa mikil áhrif. Skilgreiningar eru öllum nauðsynlegar og starfsleyfiskröfur eru mjög greinilega upptaldar og því þekktar öllum sem á þurfa að halda (sjá nánar umfjöllun um einstakar greinar frumvarpsins).

Liður C Takmörkun á urðun.

Takmarkanir sem hér um ræðir koma fram í 5. gr. tilskipunar ráðsins og eru þessar þær helstu.

1. Draga skal úr urðun lífræns heimilisúrgangs í áföngum á 15 ára tímabili. Viðmiðunarár er 1995.
2. Lokatakmark.
Árið 2016 skal lífrænn úrgangur ekki vera meiri en 35 % af því sem hann var á viðmiðunarárinu.

Ljóst er að þessi fyrirmæli hafa mikil áhrif á kostnað sveitarfélaganna. Erfitt er að segja með vissu hver sú kostnaðaraukning er, en almennt er talað um í nágrannalöndum okkar að aðskilnaður á lífrænum úrgangi og vinnsla hans leiði til 50 til 100 % hækkun kostnaðar við hirðu og meðhöndlun heimilissorps.

Eftirfarandi nálgun gefur stærðargráðu:

Húsasorp **275 kg/ íbúa**

Alls á landinu **80.000 tonn/ár**

Meðalkostnaður við ílát-söfnun-eyðingu **12.000 kr/tonn án vsk.**

Núverandi kostnaður um **960 milljón kr/ár**

Kostnaðarhækkun 500 – 1.000 milljón kr/ár.

Rétt er að hafa í huga að þetta er áætlaður kostnaðarauki sem lendir á sveitarfélögunum. Kostnaðarhækkun samfélagsins í heild má áætla **1.000 – 2.000 milljón kr/ár** þegar kostnaður atvinnulífsins er reiknaður með.

Hver hin endanlega kostnaðarhækkun verður, veltur mjög á ákvæðum í væntanlegum reglugerðum, t.d. hvað varðar skilgreiningar og að hve miklu leyti íslensk stjórnvöld hyggjast fara að markmiðssetningu ráðsins sem sett er fram í tilskipuninni. Því ber að fagna ákvæði í 13.gr frumvarpsins þar sem sett er skilyrði um að ráðherra setji reglugerð að fengnum tillögum Hollustuverndar og **að höfðu samráði við Samband ísl. sveitarfélaga.**

Liður D. Bann við urðun ákveðinna efnaflokka.

Ákvæði þetta hefur ekki veruleg áhrif á sveitarfélögin nema skoðuð í ljósi ábyrgðar sveitarfélaganna á því að fyrir hendi sé förgunarleið.

Í tilskipuninni eru nefndir einkum tveir efnisflokkar sem falla undir þetta bann. Annars vegar er fljótandi úrgangur og hins vegar hjólbörðar. Um framkvæmd á banni við urðun á hjólbörðum er ekki ástæða til að fjalla sérstaklega um, þar sem vitað er að verið er að vinna að öðrum lagabálki sem tekur á nýjum leiðum við förgun á hjólbörðum.

Varðandi bann við urðun á fljótandi úrgangi þá mun það helst snerta ákveðnar atvinnugreinar s.s. fiskvinnslur og sláturhús. Nægir að nefna vandamál sem upp kunna að koma ef bilun verður í fiskimjölsverksmiðjum og hver ábyrgð sveitarfélags á þá að vera. **Á sveitarfélag að vera tilbúið með förgunarlausn í slíkum tilfellum?**

Sveitarfélögin kunna að lenda í verulegum útgjöldum til að mæta þessum kröfum. Þar getur verið um að ræða þróun nýrra leiða, samstarf milli byggðalaga sem hefur í för með sér aukinn flutningskostnað svo eitthvað sé nefnt.

Vitað er að í mörgum nágrannalöndum hafa ríkissjóðir veitt umtalsverða fjármuni í þróunarstyrki og jafnvel aðlögunarstyrki vegna þessara krafna.

Liður E. Krafa um eftirlit með urðunarstöðum eftir lokun og tryggingar.

Í 15. grein laganna er krafa um að rekstraraðili hafi lagt fram fullnægjandi fjárhagslegar tryggingar eða ábyrgð fyrir því að starfsleyfiskröfur verði uppfylltar o.s.frv. Trygging þessi skal standa í **30 ár** eftir að urðunarstað er lokað. Varðandi upphæð tryggingar þá kemur ekki fram í lögunum hver sú upphæð á að vera heldur skal hún metin af Hollustuvernd. **Nauðsynlegt er að í lögunum sé sett fram viðmið um upphæð.**

Í tilskipun ESB eru mjög ítarlegur reglur um atriði sem gera skal á vöktunartímabilinu og mun þau valda umtalsverðum kostnaði sem gera verður ráð fyrir strax í gjaldskrá urðunarstaðanna.

Reynt hefur verið að meta þau atriði til kostnaðar með eftirfarandi hætti.

Viðbótarkostnaður á ári við vöktun og eftirlit með urðunarstað:

Veðurfarsmælingar	0,2 milljón kr. /ár
Mengunarmælingar vatn/gas	0,7 “
Grunnvatnsmælingar	0,4 “
Yfirborðsmælingar	0,2 “

Alls 1,5 milljón kr./ár

Samtals 45 milljón kr á vöktunartímabil (30 ár) og hvern stað. Þessi upphæð verður að vera til í sjóði þegar urðunarstað er lokað.

Áhrifa þessa kostnaðar gætir ekki mikið hér á höfuðborgarsvæðinu en er umtalsvert íþyngjandi á litlum stöðum á landsbyggðinni. Þetta mun sennilega verða eitt af þeim atriðum sem skoða verður þegar framtíð núverandi urðunarstaða verður metin.

Liður F Aðlögunartími fyrir urðunarstaði í rekstri.

Í 22.gr.laganna er ákvæði til bráðabirgða þar sem rekstraraðilum urðunarstaða sem eru í rekstri fá nokkra mánuði til að senda inn áætlun um hvernig unnt sé að laga rekstur urðunarstaðarins að ákvæðum laganna og hafa staðirnir síðan 6 ár til að uppfylla kröfurnar ella skal þeim lokað.

Atriði þetta mun flýta fyrir lokun nokkurra staða á landsbyggðinni og er líklegt til að hvetja til samnýtingar stærri staða.

Á mörgum minni stöðum á landsbyggðinni mun þetta fyrirkomulag leiða til umtalsverðs kostnaðarauka fyrir íbúa þeirra staða.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

I. KAFLI, Markmið, gildissvið og skilgreiningar

1. gr.

Eitt af markmiðum laganna er að „*dregið verði skipulega úr myndun úrgangsefna eftir því sem unnt er*“. Hér er rétt að benda á að engin meðul eða aðferðir til að ná þessu markmiði er að finna í frumvarpi þessu, heldur er hér eingöngu verið að fjalla um förgun á úrgangi. Engar heimildir eru í frumvarpinu sem heimila sveitarfélögum að beita hagrænum eða öðrum aðferðum við að ná þessu markmiði. Því er lagt til að þessari grein verði breytt þannig að hún endurspegli tilgang urðunartilskipunar sambandsins þ.e. að draga eins og kostur er úr neikvæðum áhrifum urðunar úrgangs á umhverfið, sérstaklega grunnvatn, yfirborðsvatn, jarðveg og loft sem og hnattræn áhrif þ.m.t. gróðurhúsaáhrif og hættu á neikvæðum áhrifum á heilsufar manna á öllum líftíma urðunarstaða. Þessu skal ná með strangari rekstrarskilyrðum og tæknilegum kröfum til urðunarstaða (sjá „*Article 1, Overall objective í umræddri gjörð*“).

Sé hins vegar ætlunin að halda upphaflegum texta er lagt til að greininni verð breytt þannig (viðbót er feitletruð): „.....*förgun úrgangs háttad þannig að hann nái jafnvægi við umhverfi sitt á sem skemmstum tíma enda sé notast við bestu fáanlegu tækni á hverjum tíma*“. Með þessu móti er verið að tengja markmiðin efnahagslegum forsendum.

3. gr.

Söfnunarstöð (gámastöð). Hér þyrfti að bæta inn orðinu „*endurvinnslustöð*“ svo ekki fari milli mála hvað átt er við. Söfnunarstöðvar á höfuðborgarsvæðinu hafa verið kallaðar endurvinnslustöðvar.

II. KAFLI, Almenn ákvæði

4. gr.

3 málsgrein 4. gr. fjallar um að Hollustuvernd skuli gefa út almenna áætlun um meðhöndlun úrgangs sem gildir fyrir landið allt. Nær væri að Hollustuvernd gæfi út almennar leiðbeiningar um gerð slíkra áætlana en sveitarfélögin eða sambönd þeirra sjái um gerð áætlana fyrir sitt starfssvæði eða stærri hagkvæmar einingar. Óeðlilegt er að ríkisvaldið, sem ekki hefur neinn beinan kostnað af framkvæmd slíkra áætlana segi til um slíka áætlun. Mjög má draga í efa að Hollustuvernd hafi til þess þekkingu á tæknilegum lausnum eða kostnaði að áætlun samin af þeim uppfylli skilyrði um bestu fáanlegu tækni á hverjum tíma. Landsáætlun ætti í raun að vera samin upp úr áætlunum sveitarfélaga. Í öllu falli ætti landsáætlun að vera samin af Hollustuvernd og Sambandi íslenskra sveitarfélaga í sameiningu.

Í 5 málsgrein er fjallað um ábyrgð sveitarfélaga og m.a. kveðið á um að sveitarstjórn beri ábyrgð á að starfræktar séu móttöku- og söfnunarstöðvar fyrir úrgang sem fellur

til í sveitarfélaginu. Hér þarf að hnykkja á um, að sveitarstjórn hafi heimild til gjaldtöku vegna þess kostnaðar sem af slíkri meðhöndlun úrgangs leiðir, sérstaklega af atvinnurekstri t.d. með því að vísa í 11. grein frumvarpsins um heimild til gjaldtöku.

11. gr.

Í þessari grein er m.a. ákvæði um að „*gjald sem sveitarfélag eða byggðasamlag innheimtir skal þó aldrei vera hærra en nemur þeim kostnaði sem almennt fellur til við meðhöndlun úrgangs í sveitarfélaginu*“. Spyrja má hvort þetta þýði að sveitarfélagi sé óheimilt að hvetja til flokkunar og endurvinnslu úrgangs (sem er jú eitt af meginmarkmiðum frumvarpsins) með gjaldskrárstýringu. Sú leið sem flest Evrópuríki fara er að stýra söfnun og endurvinnslu með gjaldskrá, m.a. á þann hátt að endurvinnsluflokkar eru niðurgreiddir með því gjaldi sem lagt er á úrgang til urðunar eða brennslu. Nauðsynlegt er að til sé slík heimild fyrir sveitarfélögin, til að beita hagrænum aðgerðum til að ná fram þeim markmiðum sem lög þessi ná til, á sama hátt og verið er að undirbúa að ná markmiðum samkvæmt tilskipun um endurvinnslu umbúða. Hér getur t.d. verið um að ræða annan pappír en umbúðir, fatnað af öllu tagi og innihald umbúða af lífrænum uppruna af öllu tagi. **Ef hægt er að leggja gjald á umbúðir þá hlýtur að vera hægt að leggja gjald á innihaldið.** Skýrt ákvæði þarf um að slík gjaldskrárstýring sveitarfélaga sé leyfileg. Einnig þarf að tryggja betur, að þau gjöld sem sveitarfélögin eða félög þeirra innheimta af íbúum og atvinnustarfsemi standi einnig undir þróun nýrrar tækni, fræðslu, kynningarmálum, sameiginlegri hagsmunagæslu o.s.frv.

Í síðustu málsgrein greinarinnar er ákvæði um að birta skuli gjaldskrár sveitarfélaga eða byggðasamлага í B-deild Stjórnartíðinda og er gengið út frá því að rekstrarform rekstraraðila urðunarstaða sé byggðasamlag. Nú er reyndin sú að í gildi eru tvenns konar gjaldskrár. Annars vegar eru það gjaldskrár sveitarfélaga sem taka til alls sorphirðukostnaðar gagnvart íbúum sveitarfélags og svo gjaldskrá rekstraraðila móttöku- og urðunarstaða sem nær til hluta kostnaðarins þ.e.a.s.. aðeins móttöku-, endurvinnslu- og förgunarkostnað en ekki flutninga og ílátakostnað. Einnig þekkest að rekstrarform urðunarstaða sé í hlutafélagsformi. Skýra þarf betur hvaða gjaldskrá eða gjaldskrár skal birta í B-deild Stjórnartíðinda.

13. gr.

Í þessari grein eru heimildir til umhverfisráðherra að setja reglugerðir um ýmis atriði. Svo virðist sem að setja eigi í reglugerðir þau ákvæði sem eru mest íþyngjandi ákvæði tilskipunar sambandsins um urðun úrgangs. Hér er átt við ákvæði í tilskipuninni um flokkun og vinnslu á lífrænum úrgangi. Gera má ráð fyrir að kostnaður sveitarfélaga, sérstaklega minni sveitarfélaga, við málaflokkinn í heild geti aukist um meira en 100% verði sveitarfélögin þvinguð til að uppfylla öll ákvæði í tilskipuninni. Því er brýnt að í lögunum komi betur fram hvaða kröfur er varða þetta atriði ríkisvaldið ætlar sveitarfélögunum að uppfylla (sjá nánar umfjöllun í inngangi).

III. KAFLI

Sérákvæði um urðunarstaði

15. gr.

Í þessari grein er m.a. fjallað um að trygging skuli undanskilin þrotabúi rekstraraðila en ekki er fjallað um hvað skuli gera ef eigendur rekstraraðila urðunarstaðar ákveða að slíta félaginu. Tryggja verður að tryggingin sé ekki uppsegjanleg á tímabilinu sem tryggingin nær yfir.

16. gr.

Í þessari grein er kveðið á um að „rekstraraðili skuli tilkynna Hollustuvernd ríkisins eða viðkomandi eftirlitsaðila um hvers konar skaðleg áhrif á umhverfið sem teljast veruleg og koma í ljós við eftirlit og vöktun. Hann skal einnig hlíta ákvörðun Hollustuverndar ríkisins um eðli og tímasetningu aðgerða til úrbóta sem grípa ber til“. Hér er rétt að bæta við ákvæði um að krafa um slíkar aðgerðir að hálfu Hollustuverndar séu byggðar á vísindalegum rökum og miðist við bestu fánlegu tækni eins og hún er skilgreind á hverjum tíma. **Hér vantar alfarið hvernig fara skal með kostnað af slíkum aðgerðum ef grípa þarf til þeirra eftir að urðunarstað er lokað.**

17. gr.

Í 2. mgr. er m.a. fjallað um lokun urðunarstaða „svo lengi sem telja má að mengunarhætta stafi af urðunarstaðnum, að jafnaði í 30 ár frá lokun hans“. Hér gætir misræmis við gr. 11 og gr. 15 þar sem segir að trygging skuli standa í 30 ár en hér má skylja ákvæðið þannig að tryggingartímabilið geti orðið lengra en 30 ár.

Í greininni er einnig fjallað um að „eftirlitsaðila sé heimilt að gefa fyrirmæli um lokunaraðgerðir, vöktun og umsjón með því svæði þar sem rekinn hefur verið urðunarstaður...“. Hér þarf nánari útskýringa við. Óeðlilegt er að eftirlitsaðili (t.d. Heilbrigðisnefnd eða annar til þess bær aðili) gefi slík íþyngjandi fyrirmæli heldur er eðlilegt að slík fyrirmæli séu gefin út af þeim aðila er gaf út starfsleyfið. Útskýra þarf nánar hvert er verksvið eftirlitsaðila sé það ekki sami aðili og gaf út starfsleyfið. Einnig þarf að tryggja að kröfur um slíkar aðgerðir séu byggðar á vísindalegum rökum og miðist við bestu fánlegu tækni.

Alþingi
Erindi nr. P 127/2335
komudagur 26.9.2002

www.sorpurdun.vesturland.is




Sorpurðun Vesturlands

Nefndasvið Alþingis.
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs

Meðfylgjandi er umsögn Sorpurðunar Vesturlands hf. varðandi frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs.

Virðingarfyllt


Hrefna B. Jónsdóttir, framkvæmdastjóri.



Frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs

Inngangur

Aðaltilgangur þessarar lagasetningar er að innleiða tilskipun ESB nr 1999/31 um urðun úrgangs. Farin er sú leið að setja rammalöggjöf þar sem fram koma heimildarákvæði til reglugerðarsetningar sem talið er að vanti í íslensk lög. Aðal áhrif laga þessara munu hins vegar birtast í reglugerðum settum af umhverfisráðherra að höfðu samráði við Samband ísl. sveitarfélaga.

Ástæða er til að fjalla um þau atriði sem verið er að innleiða með þessari lagasetningu:

- A Skilgreiningar á hugtökum
- B Starfsleyfiskröfur fyrir urðunarstaði
- C Takmörkun á urðun tiltekinna efnaflokka
- D Bann við urðun ákveðinna efnaflokka
- E Krafa um eftirlit með urðunarstöðum eftir lokun og krafa um fjárhagslegar tryggingar í því sambandi.
- F Aðlögunartími fyrir urðunarstaði í rekstri.

Liðir A –B Skilgreiningar og starfsleyfiskröfur.

Þessi atriði munu ekki hafa mikil áhrif. Skilgreiningar eru öllum nauðsynlegar og starfsleyfiskröfur eru mjög greinilega upptaldar og því þekktar öllum sem á þurfa að halda (sjá nánar umfjöllun um einstakar greinar frumvarpsins).

Liður C Takmörkun á urðun.

Takmarkanir sem hér um ræðir koma fram í 5. gr. tilskipunar ráðsins og eru þessar þær helstu.

1. Draga skal úr urðun lífræns heimilisúrgangs í áföngum á 15 ára tímabili. Viðmiðunarár er 1995.
2. Lokatakmark.
Árið 2016 skal lífrænn úrgangur ekki vera meiri en 35 % af því sem hann var á viðmiðunarárinu.

Ljóst er að þessi fyrirmæli hafa mikil áhrif á kostnað sveitarfélaganna. Erfitt er að segja með vissu hver sú kostnaðaraukning er, en almennt er talað um í nágrannalöndum okkar að aðskilnaður á lífrænum úrgangi og vinnsla hans leiði til 50 til 100 % hækkun kostnaðar við hirðu og meðhöndlun heimilissorps.

Eftirfarandi nálgun gefur stærðargráðu:

Húsasorp **275 kg/ íbúa**

Alls á landinu **80.000 tonn/ár**

Meðalkostnaður við ílát-söfnun-eyðingu **12.000 kr/tonn án vsk.**

Núverandi kostnaður um **960 milljón kr/ár**

Kostnaðarhækkun 500 – 1.000 milljón kr/ár.

Rétt er að hafa í huga að þetta er áætlaður kostnaðarauki sem lendir á sveitarfélögunum. Kostnaðarhækkun samfélagsins í heild má áætla **1.000 – 2.000 milljón kr/ár** þegar kostnaður atvinnulífsins er reiknaður með.

Hver hin endanlega kostnaðarhækkun verður, veltur mjög á ákvæðum í væntanlegum reglugerðum, t.d. hvað varðar skilgreiningar og að hve miklu leyti íslensk stjórnvöld hyggjast fara að markmiðssetningu ráðsins sem sett er fram í tilskipuninni. Því ber að fagna ákvæði í 13. gr frumvarpsins þar sem sett er skilyrði um að ráðherra setji reglugerð að fengnum tillögum Hollustuverndar og **að höfðu samráði við Samband ísl. sveitarfélaga.**

Liður D. Bann við urðun ákveðinna efnaflokka.

Ákvæði þetta hefur ekki veruleg áhrif á sveitarfélögin nema skoðuð í ljósi ábyrgðar sveitarfélaganna á því að fyrir hendi sé förgunarleið.

Í tilskipuninni eru nefndir einkum tveir efnisflokkar sem falla undir þetta bann.

Annars vegar er fljótandi úrgangur og hins vegar hjólbarðar. Um framkvæmd á banni við urðun á hjólbörðum er ekki ástæða til að fjalla sérstaklega um, þar sem vitað er að verið er að vinna að öðrum lagabálki sem tekur á nýjum leiðum við förgun á hjólbörðum.

Varðandi bann við urðun á fljótandi úrgangi þá mun það helst snerta ákveðnar atvinnugreinar s.s. fiskvinnslur og sláturhús. Nægir að nefna vandamál sem upp kunna að koma ef bilun verður í fiskimjólsværksmiðjum og hver ábyrgð sveitarfélags á þá að vera. **Á sveitarfélag að vera tilbúið með förgunarlausn í slíkum tilfellum?** Sveitarfélögin kunna að lenda í verulegum útgjöldum til að mæta þessum kröfum. Þar getur verið um að ræða þróun nýrra leiða, samstarf milli byggðalaga sem hefur í för með sér aukinn flutningskostnað svo eitthvað sé nefnt.

Vitað er að í mörgum nágrannalöndum hafa ríkissjóðir veitt umtalsverða fjármuni í þróunarstyrki og jafnvel aðlögunarstyrki vegna þessara krafna.

Liður E. Krafa um eftirlit með urðunarstöðum eftir lokun og tryggingar.

Í 15. grein laganna er krafa um að rekstraraðili hafi lagt fram fullnægjandi fjárhagslegar tryggingar eða ábyrgð fyrir því að starfsleyfiskröfur verði uppfylltar o.s.frv. Trygging þessi skal standa í **30 ár** eftir að urðunarstað er lokað. Varðandi upphæð tryggingar þá kemur ekki fram í lögunum hver sú upphæð á að vera heldur skal hún metin af Hollustuvernd. **Nauðsynlegt er að í lögunum sé sett fram viðmið um upphæð.**

Í tilskipun ESB eru mjög ítarlegur reglur um atriði sem gera skal á vöktunartímabilinu og mun þau valda umtalsverðum kostnaði sem gera verður ráð fyrir strax í gjaldskrá urðunarstaðanna.

Reynt hefur verið að meta þau atriði til kostnaðar með eftirfarandi hætti.

Viðbótarkostnaður á ári við vöktun og eftirlit með urðunarstað:

Veðurfarsmælingar	0,2 milljón kr. /ár
Mengunarmælingar vatn/gas	0,7 “
Grunnvatnsmælingar	0,4 “
Yfirborðsmælingar	0,2 “

Alls 1,5 milljón kr./ár

Samtals 45 milljón kr á vöktunartímabil (30 ár) og hvern stað. Þessi upphæð verður að vera til í sjóði þegar urðunarstað er lokað.

Áhrifa þessa kostnaðar gætir ekki mikið á höfuðborgarsvæðinu en er umtalsvert íþyngjandi á litlum stöðum á landsbyggðinni. Þetta mun sennilega verða eitt af þeim atriðum sem skoða verður þegar framtíð núverandi urðunarstaða verður metin.

Sorpurðun Vesturlands hf. er eina urðunarfyriertækið á landinu sem er rekið sem hlutafélag. Því er það umhugsunarefni hvort hlutafélag geti lagt til hliðar fjármagn vegna vöktunarkostnaðar, sem væri frádráttarbært sem rekstrarkostnaður á grundvelli 31. gr. laga nr. 75/1981 um tekju- og eignarskatt. Sveitarfélög og félög sem sveitarfélög bera ótakmarkaða ábyrgð á, svo sem byggðasamlög, eru undanþegin álagningu tekjuskatts sbr. áður nefnd lög og greiða því ekki tekjuskatt til ríkissjóðs af rekstrarafgangi sínum. Því þarf að tryggja að það fjármagn sem lagt verður til hliðar til að mæta vöktunarkostnaði eftir að urðunarstað er lokað, verði frádráttarbært sbr. 31. gr. laga nr. 75/1981.

Liður F Aðlögunartími fyrir urðunarstaði í rekstri.

Í 22. gr. laganna er ákvæði til bráðabirgða þar sem rekstraraðilum urðunarstaða sem eru í rekstri fá nokkra mánuði til að senda inn áætlun um hvernig unnt sé að laga rekstur urðunarstaðarins að ákvæðum laganna og hafa staðirnir síðan 6 ár til að uppfylla kröfurnar ella skal þeim lokað.

Atriði þetta mun flýta fyrir lokun nokkurra staða á landsbyggðinni og er líklegt til að hvetja til samnýtingar stærri staða.

Á mörgum minni stöðum á landsbyggðinni mun þetta fyrirkomulag leiða til umtalsverðs kostnaðarauka fyrir íbúa þeirra staða.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

I. KAFLI, Markmið, gildissvið og skilgreiningar

1. gr.

Eitt af markmiðum laganna er að „*dregið verði skipulega úr myndun úrgangsefna eftir því sem umnt er*“. Hér er rétt að benda á að engar aðferðir er að finna í umræddu frumvarpi til að ná þessu markmiði, heldur er hér eingöngu verið að fjalla um förgun á úrgangi. Engar heimildir eru í frumvarpinu sem heimila sveitarfélögum að beita hagrænum eða öðrum aðferðum við að ná þessu markmiði. Því er lagt til að þessari grein verði breytt þannig að hún endurspegli tilgang urðunartilskipunar sambandsins þ.e. að draga eins og kostur er úr neikvæðum áhrifum urðunar úrgangs á umhverfið, sérstaklega grunnvatn, yfirborðsvatn, jarðveg og loft sem og hnattræn áhrif þ.m.t. gróðurhúsaáhrif og hættu á neikvæðum áhrifum á heilsufar manna á öllum líftíma urðunarstaða. Þessu skal ná með strangari rekstrarskilyrðum og tæknilegum kröfum til urðunarstaða (sjá „*Article 1, Overall objective i umræddri gjörð*“).

Sé hins vegar ætlunin að halda upphaflegum texta er lagt til að greininni verð breytt þannig (viðbót er feitletruð): „...*förgun úrgangs háttað þannig að hann nái jafnvægi við umhverfi sitt á sem skemmstum tíma enda sé notast við bestu fáanlegu tækni á hverjum tíma*“. Með þessu móti er verið að tengja markmiðin efnahagslegum forsendum.

II. KAFLI, Almenn ákvæði

4. gr.

3. málsgrein 4. gr. fjallar um að Hollustuvernd skuli gefa út almenna áætlun um meðhöndlun úrgangs sem gildir fyrir landið allt. Nær væri að Hollustuvernd gæfi út almennar leiðbeiningar um gerð slíkra áætlana en sveitarfélögin eða sambönd þeirra sjái um gerð áætlana fyrir sitt starfssvæði eða stærri hagkvæmar einingar. Óeðlilegt er að ríkisvaldið, sem ekki hefur neinn beinan kostnað af framkvæmd slíkra áætlana segi til um slíka áætlun. Mjög má draga í efa að Hollustuvernd hafi til þess þekkingu á tæknilegum lausnum eða kostnaði að áætlun samin af þeim uppfylli skilyrði um bestu fáanlegu tækni á hverjum tíma. Landsáætlun ætti i raun að vera samin upp úr áætlunum sveitarfélaga. Í öllu falli ætti landsáætlun að vera samin af Hollustuvernd og Sambandi íslenskra sveitarfélaga i sameiningu.

Í 5. málsgrein er fjallað um ábyrgð sveitarfélaga og m.a. kveðið á um að sveitarstjórn beri ábyrgð á að starfræktar séu móttöku- og söfnunarstöðvar fyrir úrgang sem fellur til i sveitarfélaginu. Hér þarf að hnykkja á um, að sveitarstjórn hafi heimild til gjaldtöku vegna þess kostnaðar sem af slíkri meðhöndlun úrgangs leiðir, sérstaklega af atvinnurekstri t.d. með því að vísa í 11. grein frumvarpsins um heimild til gjaldtöku.

11. gr.

Í þessari grein er m.a. ákvæði um að „*gjald sem sveitarfélag eða byggðasamlag innheimtir skal þó aldrei vera hærra en nemur þeim kostnaði sem almennt fellur til við meðhöndlun úrgangs i sveitarfélaginu*“. Spyrja má hvort þetta þýði að sveitarfélagi sé óheimilt að hvetja til flokkunar og endurvinnslu úrgangs (sem er jú eitt af meginmarkmiðum frumvarpsins) með gjaldskrárstýringu. Sú leið sem flest

Evrópuríki fara er að stýra söfnun og endurvinnslu með gjaldskrá, m.a. á þann hátt að endurvinnsluflokkar eru niðurgreiddir með því gjaldi sem lagt er á úrgang til urðunar eða brennslu. Nauðsynlegt er að til sé slík heimild fyrir sveitarfélögin, til að beita hagrænum aðgerðum til að ná fram þeim markmiðum sem lög þessi ná til, á sama hátt og verið er að undirbúa að ná markmiðum samkvæmt tilskipun um endurvinnslu umbúða. Hér getur t.d. verið um að ræða annan pappír en umbúðir, fatnað af öllu tagi og innihald umbúða af lífrænum uppruna af öllu tagi. **Ef hægt er að leggja gjald á umbúðir þá hlýtur að vera hægt að leggja gjald á innihaldið.** Skýrt ákvæði þarf um að slík gjaldskrárstýring sveitarfélaga sé leyfileg. Einnig þarf að tryggja betur, að þau gjöld sem sveitarfélögin eða félög þeirra innheimta af íbúum og atvinnustarfsemi standi einnig undir þróun nýrrar tækni, fræðslu, kynningarmálum, sameiginlegri hagsmunagæslu o.s.frv.

Í síðustu málsgrein greinarinnar er ákvæði um að birta skuli gjaldskrár sveitarfélaga eða byggðasamlaga í B-deild Stjórnartíðinda og er gengið út frá því að rekstrarform rekstraraðila urðunarstaða sé byggðasamlag. Nú er reyndin sú að í gildi eru tvenns konar gjaldskrár. Annars vegar eru það gjaldskrár sveitarfélaga sem taka til alls sorphirðukostnaðar gagnvart íbúum sveitarfélags og svo gjaldskrá rekstraaðila móttöku- og urðunarstaða sem nær til hluta kostnaðarins þ.e.a.s.. aðeins móttöku-, endurvinnslu- og förgunarkostnað en ekki flutninga og ílátakostnað. Einnig þekkest að rekstrarform urðunarstaða sé í hlutafélagsformi. Skýra þarf betur hvaða gjaldskrá eða gjaldskrár skal birta í B-deild Stjórnartíðinda.

13. gr.

Í þessari grein eru heimildir til umhverfisráðherra að setja reglugerðir um ýmis atriði. Svo virðist sem að setja eigi í reglugerðir þau ákvæði sem eru mest íþyngjandi ákvæði tilskipunar sambandsins um urðun úrgangs. Hér er átt við ákvæði í tilskipuninni um flokkun og vinnslu á lífrænum úrgangi. Gera má ráð fyrir að kostnaður sveitarfélaga, sérstaklega minni sveitarfélaga, við málaflokkinn í heild geti aukist um meira en 100% verði sveitarfélögin þvinguð til að uppfylla öll ákvæði í tilskipuninni. Því er brýnt að í lögunum komi betur fram hvaða kröfur er varða þetta atriði ríkisvaldið ætlar sveitarfélögum að uppfylla (sjá nánar umfjöllun í inngangi).

III. KAFLI

Sérákvæði um urðunarstaði

15. gr.

Í þessari grein er m.a. fjallað um að trygging skuli undanskilin þrotabúi rekstraraðila en ekki er fjallað um hvað skuli gera ef eigendur rekstraraðila urðunarstaðar ákveða að slíta félaginu. Tryggja verður að tryggingin sé ekki uppsegjanleg á tímabilinu sem tryggingin nær yfir.

16. gr.

Í þessari grein er kveðið á um að „rekstraraðili skuli tilkynna Hollustuvernd ríkisins eða viðkomandi eftirlitsaðila um hvers konar skaðleg áhrif á umhverfið sem teljast veruleg og koma í ljós við eftirlit og vöktun. Hann skal einnig hlíta ákvörðun Hollustuverndar ríkisins um eðli og tímasetningu aðgerða til úrbóta sem grípa ber til“. Hér er rétt að bæta við ákvæði um að krafa um slíkar aðgerðir að hálfu Hollustuverndar séu byggðar á vísindalegum rökum og miðist við bestu fánlegu tækni eins og hún er skilgreind á hverjum tíma. **Hér vantar alfarið hvernig fara skal með kostnað af slíkum aðgerðum ef grípa þarf til þeirra eftir að urðunarstað er lokað.**

17. gr.

Í 2. mgr. er m.a. fjallað um lokun urðunarstaða „svo lengi sem telja má að mengunarhætta stafi af urðunarstaðnum, að jafnaði í 30 ár frá lokun hans“. Hér gætir misræmis við gr. 11 og gr. 15 þar sem segir að trygging skuli standa í 30 ár en hér má skylja ákvæðið þannig að tryggingartímabilið geti orðið lengra en 30 ár. Í greininni er einnig fjallað um að „eftirlitsaðila sé heimilt að gefa fyrirmæli um lokunaraðgerðir, vöktun og umsjón með því svæði þar sem rekinn hefur verið urðunarstaður...“. Hér þarf nánari útskýringa við. Óeðlilegt er að eftirlitsaðili (t.d. Heilbrigðisnefnd eða annar til þess bær aðili) gefi slík íþyngjandi fyrirmæli heldur er eðlilegt að slík fyrirmæli séu gefin út af þeim aðila er gaf út starfsleyfið. Útskýra þarf nánar hvert er verksvið eftirlitsaðila sé það ekki sami aðili og gaf út starfsleyfið. Einnig þarf að tryggja að kröfur um slíkar aðgerðir séu byggðar á vísindalegum rökum og miðist við bestu fánlegu tækni.



SPILLIEFNANEFND

Alþingi

Erindi nr. P 127/2270

komudagur 11.6.2002

Nefndasvið Alþingis,
Helga E. Þórisdóttir,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík,

07-06-2002.

Varðar: Frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs, 651. mál, EES-reglur.

Með bréfi dags. 29. apríl s.l. er óskað eftir umsögn Spilliefnanefndar um ofangreint frumvarp. Nefndin hefur haft frumvarpið til skoðunar og vill gera neðangreindar ábendingar.

Varðandi 9. gr. frumvarpsins um skýrslugjöf álitur Spilliefnanefnd að gera beri ítarlegri kröfur til skýrslugjafar. Flokkun móttækis úrgangs er ekki einatt sú sama og flokkun til förgunar. Því sé rétt að rekstraraðili skili skýrslu um magn móttækis úrgangs eftir móttöknum tegundum (móttökuflokkum) sem beri saman við skýrslur um magn fargaðs úrgangs eftir förgunartegundum (förgunarflokkum).

Dæmi um framsetningu:

	Förgunarflokkur 1	Förgunarflokkur 2	Förgunarflokkur n	Samtals
Móttökuflokkur 1				
Móttökuflokkur 2				
Móttökuflokkur n				
Samtals				

Þá vill nefndin benda á að samræmingar verði gætt gagnvart væntanlegu frumvarpi til laga um úrvinnslusjóð.

F.h. Spilliefnanefndar,

Már Karlsson



Umhverfisnefnd Alþingis
bt. Helga E. Þórisdóttir nefndarritari
Alþingi við Austurvöll


Hornafirði, 14. maí 2002

Málefni: Umsögn um frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs.

Á fundi bæjarráðs Hornafjarðar 7. maí 2002 var erindi umhverfisnefndar Alþingis, sbr. br. dags. 29. apríl s.l., þar sem óskað var eftir umsögn á frumvarpi til laga um meðhöndlun úrgangs, mál nr. 651. EES reglur, til afgreiðslu.

Bæjarráð gerði ekki athugasemdir við frumvarpið.
Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,


Olafía I. Gísladóttir,
ritari





Reykjavíkurborg
Umhverfis- og heilbrigðisstofa


Alþingi
Erindi nr. Þ 127/2173
komudagur 17.5.2002

Umhverfisnefnd Alþingis,
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

15. maí 2002.

Með bréfi dags. 29. apríl s.l. óskaði umhverfisnefnd Alþingis eftir umsögn Umhverfis- og heilbrigðisstofu Reykjavíkur um frv. til laga um meðhöndlun úrgangs, þskj. 1050 – 651 mál.

Umsögn Umhverfis- og heilbrigðisstofu Reykjavíkur fylgir hér með.


Örn Sigurðsson, skrifst.stjóri.

Umsögn um frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs

Almennt: Með frumvarpi þessu er ætlunin að ákvæði ESB-tilskipunar nr. 31 frá 1999 um urðunarstaði fyrir úrgang taki gildi hér á landi, eins og segir í athugasemdum og greinargerð með frumvarpinu. Fagna ber því að meðhöndlun úrgangs, sérstaklega förgun þess fái nú traustan grunn og lagastoð.

Vinna við ESB-tilskipun hófust upp úr 1990, upp úr 1994 lágu fyrir drög að tilskipun sem var í meginatriðum eins og endanleg gerð hennar. Hinsvegar var m.a. hart deilt um undanþáguákvæði fyrir fámennar byggðir sem að mati sumra hefði þýtt að helmingur landsvæðis Evrópusambands hefði verið undanþegin mikilvægum ákvæðum tilskipunarinnar og við það vildu þingmenn á Evrópuþingi ekki una. Því tókst ekki samkomulag um efni tilsk. fyrir en á árinu 1999.

Þangað til höfðu ekki verið til almenn ákvæði um urðun úrgangs í ESB-löndum, öfugt við reglur um brennslu úrgangs sem höfðu verið settar með tveimur tilskipunum á árinu 1989 fyrir hættulítinn úrgang, og með tilskipun frá 1994 fyrir brennslu spilliefna. Þessar þrjár tilskipanir voru svo sameinaðar í eina tilskipun á árinu 2000, fyrir brennslu alls úrgangs, sbr. tilskipun ESB nr. 76/2000. Þessi tilskipun hefur enn ekki verið tekin inn í EES-samninginn og því ekki tekið gildi hér á landi. Þrátt fyrir það fjalla greinar 18 til 20 í frumvarpinu um brennslu úrgangs. Spyrja má hvort brennsla úrgangs kallar ekki á sérstaka lagasetningu eftir að tilskipunin hefur tekið gildi. Að öðrum kosti verður ekki alveg séð nauðsyn þess að hafa þessar greinar með í frumvarpinu þar sem núverandi lagagrunnur virðist hafa tryggt starfsleyfi og eftirlit með brennslu úrgangs, en breyta eða endurnýja þarf reglugerðir nr. 807/1999 um brennslu spilliefna og 808/1999 um sorpbrennslustöðvar, sbr. i-lið 13. greinar í frumvarpinu.

Einstakar greinar:

4. grein: Í 2. mgr. segir að heilbrigðisnefndir annist eftirlit með meðhöndlun úrgangs. Skv. skilgreiningu á hugtakinu „meðhöndlun” í 3. gr. nær hún til allra þátta, þ.m.t. förgun úrgangs. Í athugasemdum með frumvarpinu segir hinsvegar að Hollustuvernd ríkisins fari með eftirlit með því að ákvæði starfsleyfis, væntanlega fyrir fyrir urðunarstaði og brennslustöðvar, séu virt, en heilbrigðisnefnd hafi eftirlit með *annarri* meðhöndlun úrgangs. Annaðhvort þarf að nota annað hugtak en „meðhöndlun” eða að heilbrigðisnefnd hafi í raun og veru eftirlit með allri meðhöndlun sem er æskilegt, sbr. athugasemdir hér á eftir við 21. gr. frumvarpsins.

Í 3. mgr. er fjallað um meðhöndlunaráætlun sem Hollustuvernd ríkisins á setja upp. Hér hefði mátt setja miklu ákveðnari ákvæði um stefnu stjórnvalda varðandi meðhöndlun úrgangs í stað þess að þau birtist hugsanlega í landsáætlun Hollustuverndar ríkisins. Í þessu framvarpi er hvergi að finna ákvæði um að minnka lífrænan úrgang til förgunar eins þau birtast í tilskipun 31/1999/ESB.

Í þessari grein eða í ákvæðum til bráðabirgða vantar skýra tímasetningu hvenær fyrsta landsáætlun á að vera tilbúin.

5. grein: Í 1. mgr. er ráðherra heimilt að veita tímabundna undanþágu frá starfsleyfi. Ekki er gefin nein skýring hvers vegna þetta ákvæði er sett inn né fylgir frumvarpinu

nánari skýringu hvað „ríkar ástæður“ séu. Þetta er óásættanlegt á meðan tilgangurinn með þessu ákvæði er ekki ljós.

Í 2.mgr. segir að Hollustuvernd ríkisins skuli gefa út starfsleyfi fyrir söfnunarstöð ef hún er rekin í tengslum við móttökustöð, en að öðru leyti veitir heilbrigðisnefnd söfnunarstöðvum starfsleyfi. Hvað er átt við „í tengslum“? Mörg sorpsamlög á landinu reka bæði söfnunarstöðvar og förgunarstaði, t.d. SORPA. Hingað til hafa heilbrigðisnefndir veitt öllum söfnunarstöðvum leyfi, en Hollustuvernd ríkisins starfsleyfi fyrir förgunarstaði. Þetta þarf að skýra, t.d. hvort átt er við að söfnunarstöð sé rekin innan förgunarsvæðis, þ.e. í nánum landfræðilegum tengslum, eða hvort er átt við að sami aðili reki söfnunar- og móttökustöðvar. Útgáfa starfsleyfis frá einum aðila er í sjálfu sér ekki óeðlileg en hér mætti opna fyrir þeim möguleika að samið verði við heilbrigðisnefnd að hún gefi út leyfið ef hún treystir sér til þess.

Í 3. mgr. er Hollustuvernd ríkisins einni veitt heimild til að setja ákvæði í starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem heimilar förgun á eigin úrgangi á framleiðslustað. Þetta getur átt við fyrirtæki sem heilbrigðisnefnd veitir starfsleyfi, t.d. svína- og alifuglabú. Á Hollustuvernd ríkisins þá að geta sett ákvæði í starfsleyfi, útgefnu af heilbrigðisnefnd? Hvemig myndi þetta líta út í framkvæmd? Hér þarf að koma í veg fyrir óeðlilegt samkrull í vinnslu starfsleyfa.

10. grein: Í 1. mgr. segir að allur úrgangur skuli meðhöndlaður á viðeigandi hátt áður en til förgunar kemur. Skýra þarf hvað „á viðeigandi hátt“ þýðir, og ætti skýringin frekar heima í skilgreiningum í 3. gr., t.d. „flokkun í endurnýtanlegan og annan úrgang, flokkun í mismunandi tegundir, óvirkan og heimilisúrgang“ o.s.fr.

13. gr.: Umhverfisráðherra setur í reglugerð: Liðirnir a-l snerta nánast allir með einum eða öðrum hætti starfssvið heilbrigðisnefnda og embætti heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga, þ.e. hér er um fagleg málefni að ræða sem sérfræðingar áðurgreindra stofnana sveitarfélaga hafa einna mesta þekkingu á. Því er lagt til að í staðinn fyrir Samband ísl. Sveitarfélaga komi heilbrigðisnefndir og/eða heilbrigðis- umhverfiseftirlit sveitarfélaga.

Nauðsynlegt er að setningu reglugerða skv. grein þessari sé lokið á tilteknum tíma. Þannig mætti bæta við ákvæði: „setning reglugerða skv. þessu skal lokið eigi síðar en ári eftir gildistöku laga þessara.”

18. - 20. grein: sbr. hér að ofan.

21. grein: Í 1. mgr. segir að Hollustuvernd ríkisins hafi heimilt til að fela heilbrigðisnefnd eftirlit með því að rekstraraðili móttökustöðvar virði ákvæði starfsleyfis, en að þvingunarúrræði, ef með þarf, séu áfram hjá stofnuninni. Þetta er mjög óeðlileg miðstýring eftirlits sem gerir það seinvirkt og er langt skref afturábak í skilvirkri stjórnslu:

Í fyrsta lagi má benda á frumvarp þetta gerir ráð fyrir að tillögur um reglur vegna meðhöndlunar úrgangs komi frá Hollustuvernd ríkisins, sbr. grein 13, en síðan hefur sama stofnunin eftirlit með framkvæmd stórs hluta meðhöndlunar úrgangs. Þetta virðist vera á skjön við ákvæði 11. gr. í reglugerð nr. 812/1999 um eftirlitsreglur hins opinbera, en þar

segir að „leitast skal við að tryggja að það séu ekki sömu aðilar sem setji reglur og annist framkvæmd eftirlits”.

Í öðru lagi leiðir eftirlit án möguleika til að beita þvingunarúrræðum til skaða fyrir umhverfið, til tvíverknaðar og til aukins kostnaðar eftirlits. Þetta á sérstaklega við þegar er um förgun úrgangs að ræða. Í framtíðinni er stefnt að því að móttökustöðvar taki einungis á móti úrgangi skv. lista eða nánari skilgreiningu á ákveðnum tegundum úrgangs. Ef eftirlitsaðili á vegum heilbrigðisnefndar, sem Hollustuvernd ríkisins hefur falið eftirlit, yrði var við móttöku úrgangs á tilteknum stað án heimildar, sem stöðva þyrfti tafarlaust, t.d. óheimil móttaka á spilliefnum, yrði hann fyrst að hafa samband við fulltrúa Hollustuverndar ríkisins sem þyrfti að kynna sér málið og mæta á staðinn til að geta borið ábyrgð á nauðsynlegum þvingunarúrræðum. Það segir sig sjálft að slíkt er nánast útilokað þegar lengra dregur frá Reykjavík en þar verður Hollustuvernd ríkisins, sem frá næstu áramótum mun sameinast öðrum stofnunum í umhverfisstofnun, staðsett, sbr. nýlega samþykkt lög um umhverfisstofnun. Hér er því ekki einungis um óeðlilega stjórnýslu að ræða heldur er hættu á að umhverfið beri skaða af ef þetta ákvæði fær að standa. Draga verður í efa að eftirlitsaðilar taki að sér eftirlit undir þessum formerkjum.

Greinargerð með athugasemdum varðandi 21. gr.:

Það hefur verið almenn stefna ríkisvaldsins að einfalda eftirlit og auka skilvirkni þess, sbr. lög nr. 27/1999 um opinberar eftirlitsreglur, og flytja það eins mikið og hægt er heim í hérað, a.m.k. hvað umhverfismál varðar, sbr. ársskýrsla Hollustuverndar ríkisins og fylgigögn. Skilvirkni eftirlits er m.a. fölginn í því að aðgerðir komi tafarlaust til framkvæmda, til að vernda menn og umhverfið, og gerist slíkt ekki án möguleika til að beita nauðsynlegum þvingunarúrræðum. Miðstýring þvingunarúrræða í tilfalli meðhöndlunar úrgangs stenst ekki kröfur um skilvirkni og ber því að afnema.

Reynsla síðustu ára við eftirlit á meðhöndlun úrgangs hefur verið sú að heilbrigðisfulltrúar um land allt hafa þurft að hafa afskipti vegna meðhöndlunar úrgangs, ekki sist förgunar þess, án þess að vera eftirlitsaðili eða að geta beitt þvingunarúrræðum. Oftast var um mál að ræða sem er vel unnt að leysa í héraði án afskipta einnar miðstöðvar eftirlits, t.d. vegna foks á úrgangi eða ólöglegar förgunar. Í þessum tilfellum hefði verið eðlilegt að heilbrigðisfulltrúar hefðu geta beitt þvingunarúrræðum strax áður en málið væri komið í óefni.

Hér að framan hafa verið færð rök fyrir því að

- eftirlit með meðhöndlun úrgangs geti eðlilega verið í höndum heilbrigðisnefnda sveitarfélaga
- eftirlit án þvingunarúrræða er óæskilegt og til skaða fyrir umhverfið

Í frumvarpinu vantar hinsvegar skýringu hvers vegna eftirlit og beiting þvingunarúrræða eigi að vera miðstýrð og hverjir kostirnir miðstýringar séu.

Þá skal jafnframt bent á eftirfarandi:

Í 2. gr. frumvarpsins kemur fram að lög þessi gilda um meðhöndlun úrgangs og hlýtur það þá að eiga við allan úrgang.

Í samræmi við reglugerð nr. 810/1999 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang eru einungis stjórnmerktu flokkarnir í 18 00 00 flokknum sem teljast til spilliefna (sjá töflu) og því vantar að nefna sóttmengaðan úrgang í skilgreiningakaflann (3. gr.) sem ekki er flokkaður sem spilliefni þar sem að hann er frábrugðinn öðrum úrgangi varðandi

meðhöndlun og geymslu. Brynt er að síðan komi sérstök reglugerð um sóttmengaðan úrgang. Hollustuvernd ríkisins gaf út leiðbeiningar nr. 4/1995 um meðferð séstaks úrgangs frá heilbrigðisstofnunum. Þessar leiðbeiningar þarf að endurvinnna og gefa út aftur.

- 18 00 00 Úrgangur frá heilsuvernd manna og dýra og viðkomandi rannsóknnum (undanskilinn er úrgangur frá eldhúsum og veitingahúsum sem ekki beinlínis tengist heilsuvernd)**
- 18 01 00 *úrgangur frá fæðingarumönnun, greiningu, meðhöndlun eða fyrirbyggjandi aðgerðum í tengslum við sjúkdóma í mönnum*
- 18 01 01 beitt og oddhvöss áhöld (nema 18 01 03)
- 18 01 02 líkamshlutar og líffæri, þar með taldir blóðpokar og blóðhlutar (nema 18 01 03)
- * 18 01 03 úrgangur ef söfnun hans og losun fellur undir sérkröfur með tilliti til smitvama
- 18 01 04 úrgangur ef söfnun hans og losun fellur ekki undir sérkröfur með tilliti til smitvama (t.d. umbúðir, notað gifs, lín, einota fatnaður, bleiur)
- * 18 01 06 efni sem eru eða innihalda hættuleg efni
- 18 01 07 efni önnur en tilgreind eru í 18 01 06
- * 18 01 08 frumudrepandi og frumuhemjandi lyf
- 18 01 09 önnur lyf en tilgreind eru í 18 01 08
- * 18 01 10 amalgamúrgangur frá tannhirðu
- 18 02 00 *úrgangur frá greiningu, meðhöndlun eða fyrirbyggjandi aðgerðum í tengslum við sjúkdóma í dýrum*
- 18 02 01 beitt og oddhvöss áhöld (nema 18 02 02)
- * 18 02 02 úrgangur ef söfnun hans og losun fellur undir sérkröfur með tilliti til smitvama
- 18 02 03 úrgangur ef söfnun hans og losun fellur ekki undir sérkröfur með tilliti til smitvama
- * 18 02 05 efni sem eru eða innihalda hættuleg efni
- 18 02 06 efni önnur en tilgreind eru í 18 02 05
- * 18 02 07 frumudrepandi og frumuhemjandi lyf
- 18 02 08 önnur lyf en tilgreind eru í 18 02 07

Alþingi
Erindi nr. P 127/2220
komudagur 31.5.2002



UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Varnarmálaskrifstofa

Rauðarárstígur 25, 150 Reykjavík
Sími: 560 9900, bréfasími: 551 5680
postur@utn.stjr.is • www.utn.stjr.is

Umhverfisnefnd Alþingis
Helga E. Þórisdóttir, nefndarritari
v/Austurvöll
150 Reykjavík

Reykjavík 30. maí 2002

Tilvísun: UTN02050106/76.L.002; 03.G.002

HrH/--

Vísað er til bréfs háttvirtar umhverfisnefndar Alþingis, dags. 6. maí sl. þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs, 651. mál, EES-reglur. Varnarmálaskrifstofa utanríkisráðuneytisins gerir engar athugasemdir við frumvarpið.

F.h.r.

Nefndasvið Alþingis
Umhverfisnefnd
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

Dags. / Date:

14.05.02

Tilvísun / Reference:

02-0197

000.25

Umsögn um frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs

Umhverfisnefnd Alþingis hefur leitað umsagnar Vinnueftirlits ríkisins um frumvarp um meðhöndlun úrgangs, 651. mál EES-reglur, sbr. bréf dagsett 29. apríl 2002.


Eins og fram kemur í fyrrgreindu frumvarpi á Hollustuvernd ríkisins að vera með eftirlit með framkvæmd laganna og Heilbrigðisnefndir eiga að annast eftirlit með meðhöndlun úrgangs.


Það sem vantar að okkar mati er að það komi fram að Vinnueftirlit ríkisins fari með eftirlit með aðbúnaði starfsmanna sem meðhöndla úrgang skv. lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980. Þetta gæti komið fram í gr. 10 þar sem fjallað er um meðhöndlun úrgangs.

Einnig telur Vinnueftirlitið það óskýrt hverjum eigi að tilkynna um óhapp eða slys sem greint er frá í lið f í 8. gr. þar sem talin eru upp skilyrði starfsleyfa. Telur Vinnueftirlitið að það þurfi að koma fram að ef um slys á starfsmönnum er að ræða þá þurfi að tilkynna það samkvæmt 81. gr. laga nr. 46/1980. Í fyrrgreindri grein segir m.a. „Komi fyrir eitrun eða slys á vinnustað skal atvinnurekandi eða fulltrúi hans á vinnustað tilkynna það lögreglutjóra og Vinnueftirliti ríkisins svo fljótt sem unnt er og eigi síðar en innan sólarhrings.“

Frekari athugasemdir hefur Vinnueftirlit ríkisins ekki við fyrrgreint frumvarp.

Virðingarfyllst


Eyjólfur Sæmundsson


Friðjón Már Viðarsson